

From: [Mínar síður - Reykjavíkurborg](#)
To: [USK Skipulag](#)
Subject: Ný umsókn - Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa
Date: miðvikudagur, 7. júní 2023 17:30:24
Attachments: [20230607_Tindstaðir_Lysing_v-dsk.pdf](#)
[Lysing_Tindstadir_DSK_20230607.pdf](#)
[Utfyllt umsokn - PDF.pdf](#)



Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa



Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda: **Brimgarðar ehf**

Kennitala umsækjanda: **5911032610**

Heimilisfang umsækjanda: **Sundagörðum 8**

Póstnúmer umsækjanda: **104**

Símanúmer umsækjanda: **4121350**

Netfang umsækjanda: **[REDACTED]**

Er um fjöleignarhús að ræða?: **Nei**

Nafn forsvarsmanns:

Netfang forsvarsmanns:

Veldu annað hvort: **Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsækjandi er: **Eigandi / eigendur**

Umboð frá eiganda:



Greiðandi

Nafn greiðanda: **Brimgarðar ehf**

Kennitala greiðanda: **5911032610**

Netfang greiðanda: **bokhald@langisjor.com**



Svæði og deiliskipulag

Heimilisfang / lóðaheiti: **Tindstaðir - Landspilda**

Umsækjandi: **Ekki til deiliskipulag**



Erindið

Erindið fjallar um: **Annað**

Ef annað, þá hvað?: **Lýsing vegna deiliskipulags**

Stutt lýsing á erindi: **Lýsing fyrir deiliskipulag hænsnabús á Tindstöðum vegna áforma um að vinna deiliskipulag fyrir hænsnabú í landi Tindstaða í Eilífsdal sem liggur nyrst í landi Reykjavíkurborgar. Landspildan er staðsett á svæði í milli Þjóðvegur og Miðdalsár í Eilífsdal og hallar landið frá Þjóðveginum til norðvesturs að Miðdalsánni. Fyrir hönd eigenda landsins er óskað eftir því að embætti skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar taki lýsinguna og komi henni í auglýsingu í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.**

Hefur verið haft samband við veitufyrirtæki?: **Nei**

Hvaða veitufyrirtæki?:





Fylgigögn

Uppdrættir: **Lysing_Tindstadir_DSK_20230607.pdf**

Bréf til umsækjanda/hönnuðar:

20230607_Tindstaðir_Lysing_v-dsk.pdf

Greinagerð:

Umsögn Minjastofnunar Íslands:

Mæliblað:

Hæðarblað:

Loftmynd:


Önnur gögn:

Reykjavík, 7. júní 2023

Efni: Tindstaðir / Lýsing vegna nýs deiliskipulags

Teiknistofan Storð sendi 26. ágúst 2022 inn fyrirspurn vegna undirbúnings og vinnu við gerð deiliskipulaga fyrir landspildu á jörðinni Tindstöðum á Kjalarnesi. Landið er 27 ha að stærð og er staðsett norðan Eyrarfjallsveggar og að Miðdalsánni sem rennur um dalinn.

Í framhaldi af fyrirspurninni er hér lögð fram lýsing fyrir deiliskipulag hænsnabús á Tindstöðum og er það í samræmi við niðurstöðu skipulagsfulltrúa þar sem gerð er krafa um lýsingu.



Fram komu í fyrirspurninni eftirfarandi upplýsingar:

„Eigandinn áformar að reisa hænsnabú fyrir allt að 39.900 hænsni með þeim mannvirkjum sem þeim rekstri fylgja á landinu. Markmiðið er að reisa 4 hús sem eru 100 x 15 m að stærð eða eða samtals fjögur hús sem verða 6.000 m² að grunnfleti, vinnsluhús allt að 500 m², íbúðarhús allt að 200 m² að stærð og staðsetja fódursíló

tengd hæsnahúsunum. Síðar eru áform um að geta stækkað þessu fjögur hús um 50 metra í viðbót eða samtals 3.000 m² í síðari áfanga.

Ekkert deiliskipulag er til staðar á jörðinni og er því um nýtt deiliskipulag að ræða. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er þetta skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Það er ljóst að um tilkynningarskylda framkvæmd er að ræða, þar sem stækkunin fellur undir viðauka 1, 1.07 í lögum nr. 111/2021. Að lokinni auglýsingu og afgreiðsla á lýsingunni liggur fyrir verður rætt við Skipulagsstofnun varðandi næstu skref og í framhaldi að tilkynna áformin með formlegum hætti.


Fyrir hönd eigenda landsins er óskað eftir því að embætti skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar taki lýsinguna og komi henni í auglýsingu í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.



Hermann Georg Gunnlaugsson,
landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfræðingur SFFÍ

Teiknistofna Storð ehf
Laugavegi 178 – 105 Reykjavík

Október 2023



Inngangur

Deiliskipulagslýsing þessi nær til áforma um að vinna deiliskipulag fyrir hænsnabú í landi Tindstaða í Eilífsdal sem liggur nyrst í landi Reykjavíkurborgar. Landspildan er staðsett á svæði á milli Þjóðvegur og Miðdalsár í Eilífsdal og hallar landið frá Þjóðveginum til norðvesturs að Miðdalsánni. Landspildan liggur í 100 til 130 metra hæð yfir sjó og er áætlað að hænsnabúið verði staðsett í kringum 120 til 125 metra hæð yfir sjó.

Aðdragandi og tilgangur

Tilgangur þessarar deiliskipulagsáætlunar er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir nýtt hænsnabú á landspildunni milli Eyrarfjallsvegur nr 460 og Miðdalsár í Eilífsdal í landi Tindstaða.

Staðsetning og afmörkun

Deiliskipulagið nær til svæðis sem liggur norðan Eyrarfjallsvegur nr 460 og að Miðdalsá sem liðast niður dalinn.

Á skipulagssvæðinu er framræst landbúnaðarland og er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði L-1. Opíð svæði til sérstakra nota meðfram Miðdalsánni verður óbreytt og áætlað er að uppbygging hænsnabús á landbúnaðarsvæðinu hafi engin áhrif á opíð svæði meðfram ánni. Heildarstærð svæðisins sem deiliskipulagið nær til eru um 32.05 ha og liggur landið að sveitarfélagamörkum Reykjavíkurborgar og Kjósahrepps. Um svæðið liggur hitaveita Kjósahrepps og verður fjallað nánar um það í deiliskipulagi. Meðfram svæðinu liggur reiðleið sem er samkvæmt gildandi aðalskipulagi

Viðfangsefni og meginmarkmið

Áformin á Tindstöðum gera ráð fyrir að reisa í 1. áfanga fjögur hús fyrir 28.000 hænsni og í 2. áfanga verði hægt að stækka byggingar úr 1. áfanga um tæplega helming. Heildarfjöldi hænsna í þessum tveimur áföngum verði 39.900 hænsni þegar þeir verða báðir áfangar verða full byggðir.

Á Tindstöðum verði reistar eftirfarandi byggingar:


1. 3-4 hús samtals 6.000 m²(1. áfangi)
2. Stækkun á 3-4 húsum um 3.000 m² (2. áfangi)
3. Vinnsluhús allt að 700 m²
4. Íbúðarhús allt að 300 m² . Það verði staðsett í meira en 50 metra fjarlægð frá öðrum byggingum.
5. Fóðurgeymslur (síló) sem þjónusta hverja byggingu sjálfstætt. 4 síló í 1. áfanga og 4 síló í 2. áfanga. Sílóin geta orðið allt að 10 m há.

Heildarbyggingarmagn fyrir hænsnabúið verði með öllum byggingum verði samtals 10.000 m².

Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarland. Ekki liggur fyrir flokkun á landbúnaðarlandi í aðalskipulaginu og af þeim sökum er m.a. krafa um að vinna sérstaka lýsingu fyrir áformin.

Meðfram landinu liggur reiðleið og þarf að huga að legu hennar þar sem hún liggur að hluta til milli Þjóðvegur og fyrirhugaðs skipulagssvæðis. Um jörðina Tindstaði liggur stofnæð hitaveitu og þarf í deiliskipulagsvinnunni að taka mið af þeirri legu.



Umhverfisáhrif áætlunar

Í umhverfismati áætlunarinnar verður fjallað um áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á nærliggjandi svæði og einstaka þætti á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásynnd, hljóðvist. Loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og fleiri umhverfisþætti eftir því sem efni gefa tilefni til.

Lögð verður áhersla á að uppbygging svæðisins liggja næst þjóðveginum og á 150-200 metrar svæði frá opnu svæði til sérstakra nota að hitaveituæð verði landbúnaðarsvæði án uppbyggingar tengdri hænsnabúinu.

Staðhættir og minjar

Skipulagssvæðið liggur undir hlíðum norðan við Tindstaðafalls. Bæjarstaði Ytri-Tindstaða liggur vestan við skipulagssvæðið og er bærinn í 140 metrum yfir sjó. Á skipulagssvæðinu eru engar fornminjar.

Samráðs- og umsagnaraðilar

Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Vegagerðin, Sveitarstjórn Kjósahrepps, Íbúðarráð Kjalarness og íbúasamtök Kjalarness.

Skipulagsferlið


Tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

2023

Júní	Afstaða tekin til gerðar og kynningar lýsingar. Lýsing unnin.
Október	Lýsing fyrir deiliskipulag samþykkt til kynningar umhverfis- og skipulagsráði.
Nóvember	Lýsing í auglýsingu
Desember	Umsagnir og athugasemdir vegna lýsingar kynntar í umhverfis- og skipulagsráði.

2024

Janúar	Deiliskipulagstillaga kynnt í umhverfis- og skipulagsráði.
Febrúar	Auglýsing á deiliskipulagstillögu
Mars	Umsögn skipulagsfulltrúa vegna mögulegra athugasemda.
Mars	Deiliskipulagstillaga samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði.
Apríl	Tillögur sendar Skipulagsstofnun.
Mai	Deiliskipulag staðfest í B- deild stjórnartíðinda.





Mál nr. 806/2023
Kjalarnes - Tindstaðir
Tengiliður: Þuríður María Guðmundsdóttir, í umboði fyrir
Reykjavíkurborg

Efni: Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags, Tindstaðir, Eilífsdalur í Reykjavík

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í skipulagslýsingunni er ekki fjallað um áhrif uppbyggingarinnar á umferð en gera má ráð fyrir töluverðri umferð sem fylgir fyrirhugaðri starfsemi, og þá sérstaklega umferð þungaflutninga. Í skipulagslýsingunni er ekki sýnd útfærsla tengingar að Þjóðvegi, Eyjafjallavegi 460. Eyjafjallavegur 460 er malarvegur og fer um brú yfir Kiðafellsá. Kanna þarf hvort að vegurinn beri þessa umferð og þá sérstaklega brúin.

Vegagerðin væntir þess að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum og bendir á að halda skal fjölda tenginga við Þjóðveg í lágmarki og vanda útfærslu þeirra í samræmi við gildandi veghönnunarreglur.

Vegagerðin vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.

Í vegalögum kemur fram að ákveða skuli legu Þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar og að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Einnig kemur fram að við gerð skipulags skuli ávallt leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um Þjóðvegi, svo sem með auknum umferðarpunga [Alþingi, 2007a]. „32. gr.

Í aðalskipulagi skal marka stefnu um meginreiðleiðir innan sveitarfélags, þ.e. stofn- og þéttbýlisleiðir og undirgöng vegna þeirra. Reiðleiðir skulu flokkaðar m.t.t. umferðarpunga, gerðar lands o.s.frv. Sveitafélög á hverjum stað eru ákvörðunaraðilar um ráðstöfun lands, þ.m.t. legu reiðvega. Allt landið er skipulagsskytt skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og er

sveitafélögum skylt að kynna skipulagsáætlanir og breytingar á þeim skv. skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð.

Virðingarfyllst,
Katrín Halldórsdóttir,
verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2023
MÍ202311-0062/ 6.09 / 0645

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Efni: Tindstaðir, Eilífsdal í Reykjavík - skipulagslýsing

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 9. nóvember sl. þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskar eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreinda deiliskipulagslýsingu, mál nr. 0806/2023. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð unnin af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar dagsett október 2023. Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir hæsnabú í landi Tindstaða í Eilífsdal. Skipulagssvæðið er um 32 ha. að stærð og er staðsett norðan Eyrarfjallsvegar nr. 460 og að Miðdalsá. Reisa á fjögur hús ásamt vinnsluhúsi, íbúðarhúsi og fóðurgeymslu (síló), heildarbyggingarmagn er áætlað 10.000 m².

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:


Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Samkvæmt Fasteignaskrá hefur umrætt svæði landeigendanúmer L174856 og eru engin hús eða mannvirki skráð á þeim reit. Ekki liggur fyrir forleifaskráning fyrir skipulagssvæðið. Samkvæmt borgarvefsjá eru skráðar 11 minjar á jörðinni Tindstaðir auk þess eru heimildir um 27 fornleifar á jörðinni samkvæmt fyrirbyggjandi ritgerð til MA-prófs í fornleifafræði HÍ, *Fornleifar á Kjalarnesi – Flokkun og greining á skráðum fornleifum*, unnin af Margréti Björk Magnúsdóttur í maí 2015.

Minjastofnun Íslands fer fram á að unnin verði fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið í samræmi við staðla stofnunarinnar um

fornleifaskráningu. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna ásamt friðhelgunarsvæði þeirra. Skal landupplýsingagögnum og skýrslum skilað á rafrænu formi til stofnunarinnar. Þegar skipulagstillagan liggur fyrir þarf hún að berast stofnuninni til umsagnar.

Virðingarfyllst,


Henry Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um memingarmiðjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Hvalfjarðarsveit 15. nóvember 2023

-Skipulagsstofnun /Skipulagsgátt.

Umsögn : Skipulagslýsing nýs deiliskipulags fyrir Tindstaði Eilífsdal, Kjalarnesi.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) hefur farið yfir gögn á Skipulagsgátt vegna skipulagslýsingar fyrir nýtt deiliskipulag fyrir hæsnabú.

Gögn málsins bera heitið – „ Tindstaðir Eilífsdal Reykjavík – Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags.“ Lýsingin er unnin af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dagsett í október 2023.

Jörðin Tindstaðir er staðsett fremst í Eilífsdal og tilheyrir sveitarfélaginu Reykjavík. Landamerki Tindstaða ná að Miðdalsá sem rennur á mótum sveitarfélaganna Kjósar og Reykjavíkur.

Um er að ræða uppbyggingu á nýjum byggingum fyrir hæsnabú sem byggð verða í tveimur áföngum. Til stendur að reisa 4 hæsnahús fyrir samtals 39.900 hænur og heildar byggingarmagn 10.000 m². Þá stendur einnig til að reisa íbúðarhús á staðnum. Land Tindstaða er flokkað sem landbúnaðarland L1 í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands óskar eftir að í tillögu að deiliskipulagi komi fram hvernig fráveitumálum verði háttað frá hæsnabúinu og að leitað verði leiða til að fráveita verði samkvæmt bestu fánlegri tækni og hafa verður í huga fjarlægð bygginga/fráveitu vegna Miðdalsár. Gæta þarf einnig vel að hentugri staðsetningu bygginga fyrir hæsnahúsin þannig að möguleg lyktarmengun verði sem minnst að nálægum bújörðum og íbúðarhúsum.

Virðingarfyllt

f.h Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Mál nr. 0806/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0806/2023, Kjalarnes - Tindstaðir (Lýsing)

Athugasemd:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Adams í Kjós samþykkti þann 13. nóvember 2023 að mótmæla áformum Reykjavíkurborgar um að leyfa byggingu risastórs hæsnabús í Tjarnarstaðamýri í landi Tindstaða .

Höfundur: Sigurður Guðmundsson/ [REDACTED]

Sent inn þann: 21.11.2023

Neðangreind tillaga var samþykkt á aðalfundi hestamannafélagsins Adams sem haldinn var mánudaginn 13. nóvember 2023 í Ásgarði í Kjós.

Hestamannafélagið Adam í Kjós mótmælir harðlega áformum Reykjavíkurborgar um að leyfa byggingu risastórs hæsnabús í landi Tindstaða eða í svokallaðri Tindstaðamýri, sem liggur á milli Eyrarfjallsvegur og Miðdalsár, sem rennur í Kiðafellsá. Áform um þessa uppbyggingu voru samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur þann 11. október sl. en þau gera ráð fyrir að reisa allt að 8 hús hvert með 10 m háum sílóum auk íbúðarhúss eða samtals byggingarmagn um 10.000 m².

Hér eru á ferðinni áform um að reisa risastórt hæsnabú með tilheyrandi umferð og ónæði inn á friðsælt landbúnaðarsvæði en þetta svæði er skilgreint sem hefðbundið landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi til 2040 en auk þess er mikil frístundabyggð á þessu svæði. Á þessu svæði er stundaður hefðbundinn búskapur, tamningar og almennar útreiðar. Þar er sérstaklega átt við jarðirnar í landi Kjósarhrepps sem eru aðliggjandi hinu nýja hæsnabúi, Kiðafell, Morastaði, Miðdal, auk Innri Tindstaða (sem eru í landi Reykjavíkur).

Meðfram Miðdalsvegi liggur reiðvegur örskammt frá hinu fyrirhugaða hæsnabúi sem mun verða fyrir miklum og neikvæðu áhrifum frá hinu nýja hæsnabúi auk þess sem slík starfsemi skapar verulega hættu fyrir hestamenn að ekki sé minnst á þá sem eru að temja hesta en tamningastöðvar eru starfræktar sitt hvoru megin við hæsnabúið á Morastöðum og í Miðdal.

Öll umferð og allir flutningar til og frá verksmiðjunni hvort sem er með fóður eða úrgang þurfa að fara um Eyrarfjallsveg, sem er gamall og lélegur malarvegur með tilheyrandi vegryki sem liggur í gegnum jarðirnar Morastaði og Kiðafell og yfir gamla og veikbyggða brú yfir Kiðafellsá og er alls óvíst að brúin þoli slíka umferð. Auk þess liggur fyrrnefndur reiðvegur meðfram þessum vegi.

Hestamannafélagið Adam beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar Kjósarhrepps að hún láti málið til sín taka en sveitarstjórnin er einn af umsagnaraðilum um málið. Skorað er á sveitarstjórn að hún freisti þess með öllum ráðum að koma í veg fyrir þessi áform. Iðnaðastarfsemi eins og hér er áformuð á ekkert erindi inni okkar friðsælu sveit þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður og hestamennska.

Fyrir hönd stjórnar Hestamannafélagsins Adams

Sigurður Guðmundsson, form.

Mál nr. 0806/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0806/2023, Kjalarnes - Tindstaðir (Lýsing)

Athugasemd:

Sveitarstjórn Kjósarhrepps er alfarið á móti fyrirhuguðum framkvæmdum sem fram koma í lýsingu og áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir við breytingartillöguna á síðari stigum. F.h. sveitarstjóra Kjósarhrepps.

Höfundur: Helena Ósk Óskarsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 23.11.2023 , **Fyrir hönd:** Kjósarhreppur



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Bt. Hrönn Valdimarsdóttur

Umsögn vegna skipulagslýsingar -Tindstaðir í Eilífsdal í Reykjavík

Við er til deiliskipulagslýsingar vegna gerðar nýs deiliskipulags í landi Tindstaða í Miðdal. Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir nýtt hæsnabú á landspildunni milli Eyrarfallsvegur nr. 460 og Miðdalsár í Miðdal í landi Tindstaða. Áform um þessa uppbyggingu voru samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur þann 11. október sl. en þau gera ráð fyrir að reisa allt að 8 hús hvert með 10 m háum sílóum auk íbúðarhúss eða samtals byggingarmagn um 10.000 m².

Sveitarstjórn Kjósarhrepps skilaði inn umsögn um málið þann 23.11.2023 þar sem hún lýsti sig andvíga áformunum og áskildi sér rétt að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum. Reykjavíkurborg óskaði með tölvupósti dagsettum 15. febrúar 2024 eftir frekari rökstuðningi.

Kjósarhreppur leggst alfarið á móti því að reist verði hæsnabú af þeirri stærðargráðu sem um ræðir. Gert er ráð fyrir að reisa allt að 8 hús hvert með 10 m háum sílóum auk íbúðarhúss en heildarbyggingarmagn er um 10.000 m². Umfangsmikill atvinnurekstur eins og þessi kallar umtalsverða umferð og ónæði í annars friðsælu landbúnaðarsamfélagi, auk þess sem töluvert er um frístundabyggð sem eru í talsverðri nálægð við hæsnabúíð og því töluvert hættu á að lyktarmengun berist þangað í ákveðnum vindáttum.

Gera má ráð fyrir að flytja þurfi bæði fóður og úrgang til og frá verksmiðjunni og að sú umferð þurfi að fara um Eyrarfallsveg, sem er gamall og lélegur malarvegur sem liggur í gegnum nærliggjandi jarðir með tilheyrandi vegryki og yfir gamla og veikbyggða brú yfir Kiðafellsá sem oft á tíðum er erfið yfirferðar vegna hálku og snjóá og ekki síður vegna ástands.

Kjósarhreppur tekur einnig undir þær ábendingar sem fram hafa komið í umsögnum Hestamannafélagsins Adams í Kjós sem og íbúasamtaka Kjalarnes og telur þær vera réttmætar í ljósi umfangs starfseminnar sem lýst er í skipulagslýsingunni fyrir deiliskipulagið.

Virðingarfyllt

fh. sveitarstjórnar Kjósarhrepps

Þorbjörg Gísladóttir

Þorbjörg Gísladóttir
Sveitarstjóri Kjósarhrepps



Vegna: Máls nr. 0806/2023, Kjalarnes - Tindstaðir (Lýsing)

Athugasemd:

Ég á landið hinum megin við ána fyrir vest-norðvestan (Stapagljúfur) og get ekki verið meira á móti þessu. Þetta er hreint svæði af einbýlis- og sumarhúsum, ekki iðnaðarhverfi. Loftmengun? Vindurinn blæs oftast í átt að mér (austsuðaustan átt, eftir dalnum) og það er aðeins stutt frá. Vatnmengun? Það fer beint í fallega ána mína, þar sem fiskar synda um sumarið. Það mun eyðileggja paradísið í dalnum :(Það er erfitt að ímynda mér verri staðsetningu fyrir stórt hæsnabú í sveitinni en þarna. Ég skrifa þetta hér ekki aðeins fyrir hönd mín, heldur líka fyrir hönd félagsins mins (Sumtris ehf, kt. 650320-0500) og leigjenda þeirra. Ég hef alltaf reynt að halda dalnum fallegum. Þegar að hanna húsið mitt, gróðurhúsin, geymsluna, og gistihúsið hef ég alltaf látið grafa niður til að láta allt fela sér í landslaginu eins best og hægt er. Þar sem það er áhætta á ljósmengun hef ég alltaf tekið tilliti til hennar, t.d. að nota gardínur til að endurspegla gróðurljósinn þegar þau eru kveikt á um vetrið. Því það skiptir mér miklu máli að ég skemmi ekki hvorki landið né vatnið né loftið né næturhiminn í þessum fallegum dal. En svo kemur eigandinn Tindstaða og ætlar sér að byggja 10000fm hæsnabú? Það er eins og allt sem ég hef gert til að passa upp á umhverfið hérna væri til einskis :(

Höfundur: Karen Rós Róbertsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 29.11.2023

Vegna: Máls nr. 0806/2023, Kjalarnes - Tindstaðir (Lýsing)

Athugasemd:

Takk fyrir erindið Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna. Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna. Auk þess bendir stofnunin á að Heilbrigðiseftirlitið veitir starfsleyfi fyrir verkefninu. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á ust@ust.is

Höfundur: Axel Benediktsson [REDACTED]

Sent inn þann: 29.11.2023 , **Fyrir hönd:** Umhverfisstofnun

Reykjavíkurborg
vt. umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsókn þessi sendist rafrænt

Reykjavík, 29. nóvember 2023.

**Umsögn Erlu Aðalsteinsdóttur, kt. [REDACTED] og Ólafs Þórs Júlíussonar, kt. [REDACTED],
ferðapjónustubænda að Kleif í Eilífsdal,
ásamt Huldu Þorsteinsdóttur, kt. [REDACTED], bónda og hestamanni í Eilífsdal.**

Vísað er til fundar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. október 2023, þar sem lögð var fram skipulagslýsing vegna gerðar nýs deiliskipulags í landi Tindstaða í Miðdal. Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir nýtt hænsnabú á landspildunni milli Eyrarfjallsvegur nr. 460 og Miðdalsár í Miðdal í landi Tindstaða.

Árið 2017 hófum við uppbyggingu á niðurlögðum útihúsum á jörðinni Eilífsdal sem er næsti bær innan við Miðdal við Eyrarfjallsveg. Síðan árið 2019 höfum við tekið á móti erlendum ferðamönnum í gistingu og sveitaupplifun á jörðinni okkar. Það sem gestir kunna best að meta er víðáttan, hreinleiki og ósnortin náttúra. Hestar og kindur á beit og hænur á vappi. Við erum stolt af að benda á og stundum heimsækja bændur í Miðdal þar sem stundaður er hefðbundinn búskapur sem samræmist okkar gildum um ímynd landsins.

Við erum í frekari uppbyggingu á niðurlögðum húsum og getum með því skapað rými til að taka á móti fleiri gestum. Þetta fellur vel að því að skapa fjölbreytta atvinnustarfsemi á svæðinu en sem hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt og uppfyllir aðalskipulag Kjósarhrepps.

Það rýrir mjög og dregur úr trúverðugleika okkar gagnvart gestum að keyra um sveit þar sem þauleldi er stundað með öllu sem því fylgir. Miklu byggingarmagni, himinháum fóðursílóum og óhjákvæmilegri mengun af ýmsu tagi. Þetta er ekki það sem við viljum sýna okkar gestum.

Það er óhjákvæmilegt að umferð um Eyrarfjallsveg mun augsamt bæði á framkvæmdartíma og þegar rekstur hefst. Eyrarfjallsvegur hefur verið fjársveltur til margra ára og ber illa þá umferð sem er í dag. Samkvæmt Vegagerðinni eru ekki fyrirhugaðar úrbætur á veginum á næstu árum. Það er ekki á hann bætandi að auka umferð þungra ökutækja.

Tómstundir okkar fjölskyldunnar tengdar sveitinni hafa alltaf verið og eru enn útreiðar í náttúrunni. Okkar helsta útreiðarleið liggur einmitt út Miðdalinn, út undir Kiðafell, eftir umræddum reiðvegi sem liggur að Tindstaðalandinu. Þessar framkvæmdir munu hafa veruleg áhrif á okkur hvað þetta varðar, skapar mikla hættu með umferð stærri ökutækja fyrir utan að ánægjan af að ríða út í fallega dalnum verður ekki söm, auk þess sem lyktarmengun frá þaueldi sem þessu er óhjákvæmilegt. Við vísum að öðru leyti í ályktun hestamannafélagsins Adams og sveitarstjórnar Kjósarhrepps um að slík starfsemi eigi ekkert erindi inn í þennan friðsæla og fallega dal.

Við teljum ekki hjá því komist að benda á þá staðreynd að þær framkvæmdir sem skipulagslýsingin boðar eru í engu samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur, svo og skipulagsáherslur sem lýst er í fylgiriti með aðalskipulaginu, þ.e. Grænu borginni. Er mjög sérstakt, svo vægt sé til orða tekið, að gert sé ráð fyrir iðnaðarframleiðslu í friðsælum dal þar sem stundaður hefur verið hefðbundinn búskapur frá öndverðu. Við leggjumst því alfarið gegn þessum áformum.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 29. nóvember 2023

Erla Aðalsteinsdóttir

Ólafur Þór Júlíusson

Hulda Þorsteinsdóttir



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2023
Tilvísun: 2023110360

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Tindstaði á Kjalarnesi

Vísað er til máls nr. 0806/2023 í skipulagsgátt, Kjalarnes - Tindstaðir: Lýsing (nýtt deiliskipulag). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur fengið málið og meðfylgjandi gögn til umsagnar og gefur eftirfarandi umsögn.

Rekstur alifuglabús af þeirri stærð sem hér um ræðir er starfsleyfisskyldur hjá HER. Tilgreina skal þá skyldu í skilmálum. Rotþrær og önnur frárennslismannvirki eru einnig háð samþykki HER.

Umfjöllun vantar um frárennslismál frá íbúðarhúsum og gripahúsum í lýsingu. Þörf er á rotþróum og öðrum frárennslismannverkjum og tilgreina þarf fjölda þeirra og legu. Rotþrær þurfa að hafa meðfylgjandi siturbeð og uppfylla skilyrði staðla og leiðbeininga Umhverfisstofnunar um minni fráveitur.

HER bendir á að Miðdalsá/Kiðafellsá liggur við fyrirhugað skipulagssvæði. Kiðafellsá hefur verið flokkuð í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, með síðari breytingum, og er það skylda sveitarfélagsins að tryggja að ástand árinna versni ekki miðað við þá flokkun. Ekki er tilgreint í lýsingu í hve mikilli fjarlægð fyrirhugað alifuglabú verður frá ánni en Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur markaði árið 2000 þá stefnu að reisa skyldi mannvirki í 100 m fjarlægð frá ám og vötnum til að vernda vatnsgæði, almennt er miðað við 50 m fjarlægð í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Staðsetja þarf byggingar og frárennslismannvirki s.s. rotþrær í hæfilegri fjarlægð frá ánni til að koma í veg fyrir mengun.

Ekki er tilgreint í lýsingunni að reisa eigi hauggeymslu við alifuglabúið. HER vill taka fram að í gr. 6 í reglugerð nr. 805/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri er tilgreint að við gripahús, þ.m.t. loðdýra-, svína- og alifuglabú, skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörðin getur tekið við honum eða taka a. m. k. sex mánaða haug. Bæta þarf umfjöllun um hauggeymslu inn í lýsinguna og gera ráð fyrir henni í deiliskipulagi.



Ekki kemur fram í lýsingu hvar fyrirhugað er að afsetja þann hæsnaskít sem falla mun til á búinu. Nægt landrými þarf að vera til staðar til að dreifa honum á þann hátt að komið sé í veg fyrir mengun jarðvegs, vatnsbóla og yfirborðsvatns. Gera þarf grein fyrir þessum þætti í lýsingu og mati á áhrifum deiliskipulagsins en ef ekki er tryggt landsvæði til dreifingar þarf umrætt bú að flytja þennan úrgang til förgunar eða dreifingar annarsstaðar. Einnig þarf að huga að lyktarmengun þegar ákvörðuð eru fyrirhuguð dreifingarsvæði.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Umsókn þessi sendist rafrænt

Kjós, 30. nóvember 2023

Varðar: Fyrirhugað hæsnabú í landi Tindstaða - Umsögn Ernst Christoffel Verwijnen og Pimpernel Wernars vegna skipulagslýsingar

Vísað er til fundar Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur 11. október s.l. þar sem lögð var fram umsókn og skipulagslýsing Brimgarða ehf og Teiknistofunar Storð ehf um gerð nýs deiliskipulags í landi Tindstaða í Eilífsdal. Tilgangur deiliskipulagsáætlunar er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir hæsnastóriðju á landspildunni milli Eyrarfallsvegur nr. 460 og Miðdalsár í Eilífsdal í landi Tindstaða.

Við hjónin erum búsett ásamt börnum okkar þremur að Láglandi, sem staðsett er á milli Miðdals og Eilífsdals. Þar stundum við m.a. hestarækt og þjálfun þeirra og njótum reglulega útivistar í sveitinni og djúpum, fögrum dölum hennar.

Húsið Láglandi var reist árið 2018 í kjölfar þess að við fjölskyldan fluttum búferlum til Íslands frá Hollandi. Við völdum sveitina fram yfir þéttbýlið og skarkala borgarumhverfisins; friðsældina, ómengaða landið og stórbrotna náttúru. Húsið var sérstaklega hannað til að grípa fegurðina utandyra - einkum til vesturs út eftir dalnum í átt að Hvalfirði, þar sem nú er fyrirhugað að reisa hæsnastóriðju, samtals 9.700 fermetrar að stærð; átta 10 metra háa geymsluturna, auk íbúðarhúss!

Við okkar daglegu störf, útivist og frístundir notum við fjölskyldan þau gæði sem sem dalurinn býður upp á í svo ríku mæli, m.a. reiðleiðir sem liggja frá Miðdal, framhá Tindstöðum og Morastöðum að Kiðafelli. Það er ljóst að fyrirhuguð framkvæmd mun rýra þessi gæði verulega og skapa öryggisógn. Aukin umferð stórra farartækja getur m.a. leitt af sér mjög hættulegar aðstæður þegar farið er eftir reiðstígum með unga, óþjálfða hesta eða óreynda knapa. Þá liggur beitiland, sem við nýtum í dag fyrir hrossinn, beint að framkvæmdasvæðinu. Streituvaldandi aðstæður í kjölfar uppbyggingar á hæsnastóriðju ásamt ljós,- sjón- og hávaðamengun og aukinni þungaumferð munu gera það að verkum, að landið glati því aðdráttarafli sem það hefur haft til útivistar og smábúskapar, m.a. hestaræktar.

Þá má ekki gleyma að minnst á það að dalurinn geymir verðmæta flóru og fjölbreytt dýralíf sem gætu orðið fyrir miklum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmdinni. Álfir verpa þar á hverju ári, auk fjölmargra annarra fuglategunda, urriði fyllir árnar og oft má sjá til refsins í dalnum. Kjörlandi þeirra gæti hæglega breyst og dalurinn yrði fátækara fyrir vikið - fái náttúran ekki að njóta vafans.

Óhjákvæmilegt er að framkvæmd af þessari stærðargráðu – sem flokka má sem stóriðnað – getur haft veruleg mengunaráhrif á allt umhverfið og þar með talið heilsu fólks sem býr í næsta nágrenni og skert lífsgæði. Dalurinn er frekar þröngur og því má ætla að loftmengun sem tengist iðnrekstrinum haldist lengi í dalnum í ákveðnum vindáttum.

Þá er einnig vert að hugleiða, að háværar kröfur eru gerðar um það í nágrennalöndum okkar að aukinni þörf á matvælaframleiðslu sé mætt með umhverfisvænum aðferðum þar sem m.a. er dregið verulega úr þeim neikvæðu gróðurhúsaáhrifum sem framleiðsla og neysla dýraafurða hefur á umhverfi og loftslag. Hversvegna svo gríðarstór hæsnastóriðja í svo litlum dal ?

Að lokum er vert að benda á að þær framkvæmdir sem skipulagslýsingin boðar, eru í engu samræmi við gildandi **Aðalskipulag Reykjavíkur 2040**, sem og þeim skipulagsáherslum sem lýst er í fylgiriti með aðalskipulaginu, þ.e. *Grænu borginni* (t.d. kaflann um umhverfis-og auðlindastefnu borgarinnar). Það er afar sérstakt, svo vægt sé til orða tekið, að gert sé ráð fyrir iðnaðarframleiðslu í friðsælum dal þar sem stundaður hefur verið hefðbundinn búskapur frá öndverðu og íbúar hafa reynt, eftir fremsta megni, að lifa í sátt við umhverfi sitt með hógværrri uppbyggingu og skynsamlegri landnotkun.

Við teljum þessi áform rýra verulega þau lífsgæði sem við búum við nú þegar í dalnum og drógu okkur til Íslands í upphafi. Dalurinn er að okkar mati engu líkur þó víða sé fegurðin mikil á Íslandi. Hér hafa börnin okkar þrjú fest rætur, samlagast samfélaginu og eignast vini. Hér líður okkur vel og viljum hvergi annars staðar vera.

Að öðru leyti vísum við í umsögn Sigurbjörns Magnússonar f.h. ábúenda og eiganda aðliggjandi jarða, með athugasemdum okkar og tókum heilshugar undir hana, sem og ályktun hestamannafélagsins Adams og sveitarstjórnar Kjósarhrepps um að stóriðja eigi ekkert erindi inn í þennan friðsæla dal.

Virðingarfyllt,

Ernst Christoffel Verwijnen

Kt. [REDACTED]

Pimperl Wernars

Kt. [REDACTED]

Íbúar að Láglandi í Miðdal

Reykjavíkurborg
vt. umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsókn þessi sendist rafrænt

Reykjavík, 30. nóvember 2023

**Umsögn Sigurbjörns Magnússonar, kt. [REDACTED] og Hlífar Sturludóttur, kt. [REDACTED]
[REDACTED] hestamanna á Kiðafelli og félagsmanna í hestamannafélaginu Adam í Kjós.**

Vísað er til fundar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. október 2023, þar sem lögð var fram skipulagslýsing vegna gerðar nýs deiliskipulags í landi Tindstaða í Miðdal. Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir nýtt hænsnabú á landspildunni milli Eyrarfjallsvegur nr. 460 og Miðdalsár í Miðdal í landi Tindstaða.

Við hjónin gerum út okkar hestaútgerð, almennar útreiðar, þjálfun og ferðalög, frá Brekkuskála, sem er sumarbústaður í landi Kiðafells og komið er að honum rétt eftir að ekið hefur verið yfir Kiðafellsárbrúna og liggur vegurinn þá upp Miðdalinn, Eyrarfjallsvegur nr. 460. Þar sem við höfum okkar hesta í sumarreit í Kvíahvammi, sem liggur niður að ánni, þurfum við að reka þá yfir Eyrarfjallsveg þegar við ætlum að beisla og leggja á. Þar er einnig varasöm blindhæð þegar ekið er framhjá réttinni okkar og er þar mikil slyshætta, bæði á mönnum og dýrum, þar sem bílum er ekið oft mjög óvarlega niður þessa blindhæð.

Það má segja að flestir okkar reiðtúrar liggja upp Miðdalinn framhjá Morastöðum og Tindstöðum og gjarnan inn í Eilífsdal og oft inn í Flekkudal, eða lengra inn í Kjós og til baka. Nýtum við þann reiðstíg sem liggur í gegnum dalinn en ljóst er að hann verður fyrir miklum neikvæðum áhrifum af þessari framkvæmd og þeirri mengun og umferð sem þessari verksmiðju fylgir. Þá erum við með á leigu landskika úr landi Innri-Tindstaða sem beitiland fyrir okkar hesta, aðallega á haustin. Það beitiland liggur beint á mótí framkvæmdasvæðinu og munu framkvæmdir þar hafa mikil neikvæð áhrif á þann landskika hvort heldur sem um sjónmengun eða aðra mengun er að ræða.

Við erum mjög uggandi vegna þessara skipulagsáforma sem fela í sér aukna umferð í dalnum, lyktarmengun o.fl. og höfnum við þessum hugmyndum alfarið. Við teljum þessi áform rýra að miklu leyti þau landgæði sem fyrir eru í dalnum og þær nýtjar sem við

höfum af þeim. Við teljum að framtíð útreiða okkar hjóna í Kjósinni, sem við höfum stundað í áratugi, sé jafnvel í húfi. Að öðru leyti vísum við í umsögn Sigurbjörns Magnússonar, lögmanns, f.h. ábúenda og landeigenda á aðliggjandi jörðum og tókum heilshugar undir hana, sem og ályktun hestamannafélagsins Adams og afstöðu sveitarstjórnar Kjósarhrepps um að slík starfsemi eigi ekkert erindi inn í þennan friðsæla dal.

Við teljum ekki hjá því komist að benda á þá staðreynd að þær framkvæmdir sem skipulagslýsingin boðar eru í engu samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur, svo og þær skipulagsáherslur sem lýst er í fylgiriti með aðalskipulaginu, þ.e. Grænu borginni. Er mjög sérstakt, svo vægt sé til orða tekið, að gert sé ráð fyrir iðnaðarframleiðslu í friðsælum dal þar sem stundaður hefur verið hefðbundinn búskapur frá öndverðu. Við leggjumst því alfarið gegn þessum áformum.


Meðfylgjandi eru myndir til skýringar.


Virðingarfyllst,


Reykjavík, 30. nóvember 2023


Sigurbjörn Magnússon


Hlíf Sturludóttir







Reykjavíkurborg
vt. umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn þessi sendist rafrænt

Reykjavík, 30. nóvember 2023

Efni: Umsögn; Hauks Óskarssonar, Sigurbjörns Hjaltasonar, Bergþóru Andrésdóttur, Orra Snorrasonar, Maríu Dóru Þórarinsdóttur, Guðmundar Davíðssonar, Svanborgar Magnúsdóttur, Hafþórs Finnbogasonar og Ólafar Óskar Guðmundsdóttur, vegna skipulagslýsingar – hæsnabú í landi Tindstaða.

Vísað er til fundar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. október 2023, þar sem lögð var fram skipulagslýsing vegna gerðar nýs deiliskipulags í landi Tindstaða, Miðdal. Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir nýtt hæsnabú á landspildunni milli Eyrarfjallsvegar nr. 460 og Miðdalsár í Miðdal í landi Tindstaða.

Umbj. mínir; Haukur Óskarsson, kt. 190269-3029, eigandi jarðanna Innri- og Ytri-Tindstaða (hér eftir „Tindstaðir“), Sigurbjörn Hjaltason, kt. 100658-5429 og Bergþóra Andrésdóttir, kt. 210959-5709, ábúendur og eigendur að Kiðafelli, Orri Snorrason, kt. 270363-5049 og María Dóra Þórarinsdóttir, kt. 270965-4589, ábúendur og eigendur að Morastöðum, Hafþór Finnbogason, kt. 030991-3469 og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, kt. 100988-2409, eigendur og núverandi ábúendur á Miðdal og Guðmundur H. Davíðsson, kt. 020659-2119 og Svanborg Anna Magnúsdóttir, kt. 291056-7419, eigendur og fyrrverandi ábúendur á Miðdal hafa falið mér að koma á framfæri athugasemdum vegna birtingar skipulagslýsingarinnar þar sem kynnt er um áform að deiliskipulagsvinnu vegna byggingar hæsnabús (pauleldis hæsnabús) í svokallaðri Tindstaðamýri. Umbj. mínir eru ýmist eigendur eða ábúendur allra aðliggjandi jarða að hinni svokölluðu Tindstaðamýri, þ.e. Kiðafells, Morastaða og Miðdals í Kjós og Tindstaða á Kjalarnesi.

Forsagan

Reykjavíkurborg keypti Tindstaðamýrina af ábúendum Tindstaða, þann 17. september 1999 töluvert áður en Haukur eignast jarðirnar. Á Tindstaðamýrinni voru hér áður fyrr aðaltún og heyskaparland fyrir ábúendur á Tindstöðum. Land þetta hafði á síðustu árum

verið leigt hestamönnum af höfuðborgarsvæðinu fyrir hagagöngu hrossa. Þá höfðu bæði umbj. m. Haukur og umbj.m á nærliggjandi jörðum, Miðdal og Morastöðum, reynt að fá landið keypt en Reykjavíkurborg neitað að semja við þá. Því fór að landið var auglýst til sölu, óskað var eftir tilboðum og reyndust Brimgarðar ehf. hæstbjóðendur en aðeins munaði um 50 þús. kr. á þeirra tilboði og tilboði frá umbj.m. Hauki. Aðrir buðu lægra, m.a umbj. mínir á Miðdal og Morastöðum. Eðlilega vildi Haukur eignast þetta land aftur og sameina það inn í Tindstaðalandið enda hafði það ávallt tilheyrt því, sbr. að framan. Tilboð Brimgarða ehf. var upp á kr. 13.200.002 en tilboð Hauks upp á kr. 13.150.000. Á fundi þegar tilboð voru opnuð og ljóst hvernig farið hafði lét Haukur bóka eftirfarandi:

Ekki er möguleiki að fá neina tengingu frá Reykjavíkurborg í tengingu við veitnakerfi Reykjavíkurborgar, skv. upplýsingum frá Reykjavíkurborg og Orkuveitunni, engin þjónusta er veitt frá Reykjavíkurborg varðandi sorp og snjómokstur o.fl., og verða því tilvonandi landeigendur að sækja þjónustuna til Kjósarhrepps.

Ekki er víst að Reykjavíkurborg hafi gert kaupendum grein fyrir þessari bókun. Það verður því áhugavert fyrir fulltrúa Brimgarða ehf. að sækja um þjónustu frá sveitarstjórn Kjósarhrepps, sem hefur lýst sig andvíga framkvæmdinni. Þá sætir það furðu að Reykjavíkurborg fari af stað með slíka skipulagslýsingu vitandi að hún getur ekki veitt landeigendum neina þjónustu og að allur akstur til og frá hænsnabúinu þarf að fara um vegi í Kjósarhreppi. Hefði kannski verið heppilegra að kanna afstöðu Kjósarhrepps fyrst áður en þessi skipulagslýsing var send út. Í öllu falli ber Kjósarhreppi ekki skylda að lögum að veita Brimgördum ehf. neina þjónustu ef þetta verður framkvæmt í andstöðu við sveitarstjórn Kjósarhrepps.

Miðdalur er þröngur dalur, en þar eru nokkrar litlar jarðir auk margra sumarbústaða. Tindstaðir liggja nokkuð framarlega í dalnum, á milli bæjanna Morastaða og Miðdals. Á Morastöðum eru útihús einungis um 565 fermetar auk íbúðarhúss. Í Miðdal, sem er næsti bær við, eru útihús um 1.850 fermetrar auk íbúðarhúss.

Í skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags á Tindstöðum kemur fram að áætlað er að setja þar upp hænsnabú í 3-4 húsum, auk vinnsluhúss. Reiknað er með að byggja hænsnabúið upp í tveimur áföngum, en þá verði húsin samtals 9.700 fermetrar að stærð, auk allt að 300 fermetra íbúðarhúsi. Auk þessa er gert ráð fyrir 8 sílóum, allt að 10 metra háum, en það jafngildir 4ra hæða húsi.

Það er því ljóst að um verulegt byggingarmagn er að ræða á jörðinni og allt í miklu stærri skala en áður hefur verið byggt í dalnum. Því er óhætt að fullyrða að fyrirhugaðar framkvæmdir eru út úr öllum takti og fela í sér grundvallarbreytingu á skipulagi svæðisins í heild sinni. Sporin hræða og ekki er hægt að líta fram hjá því að innan skamms megi búast við frekari óskum um stækkun hænsnabúsins, sbr. nánar hér síðar.

Þá er rétt að taka fram í þessu sambandi að hæsnabúum fylgir mikill óþefur og önnur umhverfismengun. Þröngur dalur er eins óheppilegur til slíkrar iðnaðarframleiðslu og hugsast getur, enda liggur stöðugur vindur ýmist upp eða niður eftir með dalnum sem myndi bera lyktina með sér um næstu bæi. Það má því búast við miklum óþef og mun meiri en ef búið væri á opnara svæði þar sem dreifast myndi úr lyktinni. Í logni má gera ráð fyrir því að loftmengun, þ.m.t. ammoníak sem losnar frá hæsnaskít, liggi í dalnum með tilheyrandi óþægindum fyrir augu og öndunarfæri þeirra sem vilja njóta náttúrunnar í Miðdal.

Umbj. minn telur að skynsamlegra hefði verið hjá Reykjavíkurborg að reyna að stuðla að því að umbj.m. Haukur fengi að sameina jarðirnar og ganga til samninga við hann eða aðra umbj. m., bændur í Miðdal og Morastöðum, annað hvort saman eða í sitt hvoru lagi, sem gætu nýtt þetta land til ræktunar og heyverkunar fyrir bú sín og styðja þannig við bændur í hefðbundnum bússkap sem nú eiga mjög undir högg að sækja.

Því má bæta við að umbj.m. Haukur hefur haft í hyggju að byggja upp frístundabyggð í landi Tindstaða, sem liggur upp í landið hinum megin við veginn og ljóst að þessi byggingaráform, verði þau að veruleika, koma í veg fyrir það og þ.a.l. rýra verðmæti Tindstaða verulega. Áskilur umbj.m. Haukur sér allan rétt í því sambandi.

Aðalskipulag Reykjavíkur

Í nýsamþykktu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar sem gildir til 2040 er landbúnaðarland á Kjalarnesi skilgreint með eftirfarandi hætti (áherslubreytingar eru höfundar):

Ræktað og framræst land innan lögbýla er almennt skilgreint sem landbúnaðarsvæði, þótt landinu hafi verið skipt upp og ekki sé lengur stundaður þar hefðbundinn landbúnaður. Markmið aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum, sbr. markmið jarðalaga og að landnýting verði í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun í skipulagslögum. Jafnframt er það markmið aðalskipulagsins að skapa fjölbreytta búsetukosti á landbúnaðarsvæðunum án þess þó að það leiði til þéttbýlisþróunar. Önnur atvinnustarfsemi sem tengist búskap og hefð er fyrir að stunda á lögbýlum til sveita er einnig möguleg, s.s. hefðbundin ferðaþjónusta bænda. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarbyggingum sem tengjast búrekstri á viðkomandi landi en einnig má gera ráð fyrir smábýlum og stökum íbúðarhúsum í tengslum við tómstundabúskap.

Þegar litið er inn á skipulagssjá og skilgreiningu þess lands sem um ræðir í landi Tindstaða kemur eftirfarandi fram:

Jafnframt er það markmið aðalskipulagsins að skapa fjölbreytta búsetukosti á landbúnaðarsvæðunum án þess þó að það leiði til þéttbýlisþróunar. Önnur atvinnustarfsemi sem tengist búskap og hefð er fyrir að stunda á lögbýlum til sveita er einnig möguleg, s.s. hefðbundin ferðaþjónusta bænda. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarbyggingum sem tengjast búrekstri á viðkomandi landi en einnig má gera ráð fyrir smábýlum og stökum íbúðarhúsum í tengslum við tómstundabúskap.

Óhætt er að fullyrða að fyrirhugaðar framkvæmdir, sem boðaðar eru í skipulagslýsingu, eru í engu samræmi við þessar áherslur í aðalskipulagi Reykjavíkur, sbr. nánar hér síðar.

Græni trefillinn

Það land sem umsögn þessi varðar er einnig í útjaðri Græna trefilsins, en hann myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Græni trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar- og ósnortinna náttúrusvæða og nær hann skv. aðalskipulagi inn fyrir landamerki Ytri-Tindstaða. Í fylgiriti aðalskipulags sem nefnist „Græna borgin“ segir eftirfarandi um skipulag við útjaðar Græna trefilsins:

Í jaðri Græna trefilsins er heimilt að byggja upp þjónustu við ferðafólk, s.s. veitinga og gistiþjónustu, enda verði staðið að hönnun og frágangi mannvirkja þannig að þau falli vel að umhverfinu og valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum. Uppbygging slíkrar þjónustu skal einkum vera á svæðum sem ekki kalla á nýlagningu vega eða aðra umfangsmikla mannvirkjagerð innan trefilsins.

Einnig er í aðalskipulagi lögð áhersla á svokallaðan borgarbúskap sem lýst er með eftirfarandi hætti í aðurnefndu fylgiriti „Græna borgin“ sem fylgir aðalskipulaginu:

„Borgarbúskapur“ er hér notað yfir það sem kallað er „urban agriculture“ á ensku. Borgarbúskapur er framleiðsla á matvælum hvort sem er úr jurta- eða dýraríki og jafnframt óiðnvædd úrvinnsla og dreifing slíkrar framleiðslu (Mukherji & Morales, 2010). Í umræðu um borgarbúskap er því helst fjallað um ræktun, húsdýrahald, smáíðnað til úrvinnslu afurðanna og um dreifingu og sölu á þeim, hvort sem er í matvöruverslunum, á bændamörkuðum eða til veitingahúsa.

Þá segir þar einnig:

Iðnvæddum landbúnaði (þauleldi, þaulræktun og þéttbærum búskap) fylgja neikvæð umhverfisáhrif og er því ekki litið til hans sem lausnar þegar kemur að umræðu um fæðuöryggi heldur miklu fremur til vistvænnar og lífrænnar framleiðslu sem oft fer fram í smærri einingum. Þess konar framleiðsla samræmist ágætlega stefnu um sjálfbæra þróun sem mörg ríki og sveitarfélög hafa sett sér.

Hins vegar kemur fram að bæði hestamennska og fjárbúskapur, eins og stunduð er í Miðdal, Morastöðum og á Tindstöðum eru hluti af skilgreindum borgarbúskap, skv.

aðalskipulagi en þau leldi, eins og hugmyndir eru uppi um að stunda á því landi sem um ræðir, er ekki skilgreint sem borgarbúskapur.

Í gögnum um aðalskipulag kemur einnig fram að stefnt sé að vinnu við nýtt aðalskipulag Kjalarness og sérstakri stefnumótun um landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi en þeirri vinnu er ekki lokið. Má af lestri fundargerða Reykjavíkurborgar um málefni Kjalarness ráða, að sterkt ákall er um að sú vinna verði framkvæmd sem fyrst. Í gögnum um þá vinnu, þ.e. landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnes, segir m.a. að „[s]letja þarf skorður við því mikla landi sem fer undir þau leldi enda hefur það að einhverju leyti óbein áhrif á nærliggjandi svæði.“

Með hliðsjón af ofangreindu verður ekki annað séð en að fyrirhuguð byggingaráform í Tindstaðamýrinni séu beinlínis í andstöðu við aðalskipulag Reykjavíkur og skipulagssjónarmið Reykjavíkurborgar eins og þau birtast í fylgiritinu „Græna borgin.“ Er þar af mörgu að taka en eitt þessara atriða er að byggingaráformin eru í engu samræmi við skipulagsáherslur um að stefna skuli að fjölbreyttri ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum og að stefnt skuli að sjálfbærri þróun á grundvelli atvinnustarfsemi sem tengist búskap og hefð er fyrir að stunda á lögbýlum. Sú iðnaðarframleiðsla sem felst í ræktun 39.900 stofnhænsna getur aldrei talist búskapur; er í engu samræmi við þessar áherslur og í raun í beinni andstöðu við þær, sbr. fyrri umfjöllun.

Í umhverfisstefnu Hvalfjarðarsveitar er yfirlýsing sveitarstjórnar um að ekki verði gert ráð fyrir frekara þau leldi í sveitarfélaginu. En sömu aðilar eru með starfsstöð að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit þar sem þeir eru með starfsleyfi fyrir allt að 136 þús. hænur í rúmum 5.000 m² húsnaði og bú sömu aðila að Melavöllum á Kjalarnesi saman stendur af alifuglahúsum samtals að stærð 8.252 m² og starfsleyfi fyrir 132 þús. hænur. Vekur athygli að á þessum stöðum eru þeir með mun fleiri fugla í minna húsnaði en ráðgert er að byggja í Tindstaðamýrinni. Því má halda því fram að talan 39.900 sé sett fram beinlínis í þeim tilgangi að komast hjá umhverfismati á framkvæmdunum og gera megi ráð fyrir að fljótlega verði sótt um stækkun. Af þeim sökum er eðlilegt að talað sé um þau leldi í þessu sambandi, sbr. einnig síðar.

Skipulagslýsingin

Í skipulagslýsingu vegna hæsnabúsins er áformum á Tindstöðum lýst nánar. Þar kemur fram:

Áformin á Tindstöðum gera ráð fyrir að reisa í 1. áfanga fjögur hús fyrir 28.000 hænsni og í 2. áfanga verði hægt að stækka byggingar úr 1. áfanga um tæplega helming. Heildarfjöldi hænsna í þessum

tveimur áföngum verði 39.900 hænsni þegar þeir verða báðir áfangar verða full byggðir. Á Tindstöðum verði reistar eftirfarandi byggingar:

1. 3-4 hús samtals 6.000 m² (1. áfangi)
2. Stækkun á 3-4 húsum um 3.000 m² (2. áfangi)
3. Vinnsluhús allt að 700 m²
4. Íbúðarhús allt að 300 m². Það verði staðsett í meira en 50 metra fjarlægð frá öðrum byggingum.
5. Fóðurgeymslur (síló) sem þjónusta hverja byggingu sjálfstætt. 4 síló í 1. áfanga og 4 síló í 2. áfanga. Sílóin geta orðið allt að 10 m há.

Heildarbyggingarmagn fyrir hænsnabúið verði með öllum byggingum verði samtals 10.000 m²."

Í reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, kemur fram í viðauka 1. gr. 6.6 skilgreining á hugtakinu „þauleldi“ en það er þéttbært eldi alifugla eða svína: a) með fleiri en 40.000 pláss fyrir alifugla, b) með fleiri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða c) með fleiri en 750 pláss fyrir gylltur.

Ljóst er að ef umsóknin er borin saman við aðrar stöðvar í eigu sömu aðila þá verður að meðhöndla hana, það er að segja ef hún fer lengra, sem umsókn um leyfi fyrir þauleldisbúi og þar með fara í alhliða umhverfismat.

Umferð og flutningar

Öll umferð og allir flutningar til og frá verksmiðjunni hvort sem er með fóður eða úrgang þurfa að fara um Eyrarfjallsveg nr. 460, sem er gamall og lélegur malarvegur með tilheyrandi vegryki sem liggur í gegnum jarðir umbj. minna Kiðafell, Morastaði og Tindstaði og yfir gamla og veikbyggða brú yfir Kiðafellsá og er alls óvíst að brúin þoli slíka umferð. Auk þess liggur fyrirnefndur reiðvegur meðfram þessum vegi sem er einn mest notaði reiðvegurinn í Kjósinni. Hjálagt fylgja myndir af vörubifreiðum aka þennan veg sem fengnar eru úr stjórnsýslukæru vegna malarnáms, sbr. síðar.

Gera má ráð fyrir að heildarmagn hæsnaskíts frá búinu verði um 360-390 tonn á ári þegar búíð er komið í fulla starfsemi í fyrsta áfanga sem áætlað er um 28.000 stofnhænur. Við stækkun í annan áfanga í 39.900 stofnhænur má áætla að magn hæsnaskíts verði um 520-560 tonn. Allur hæsnaskítur sem fellur til verður nýttur sem áburður á ræktað og óræktað land. Það þarf sem sagt að keyra öllum þessum skít í burtu sem þýðir stórauðna umferð um dalinn og er þá ótalinn akstur með fóður og afurðir. Hér er um að ræða miklu meiri akstur og umferð en vegurinn og brúin þola, auk þess ónæðis sem hlýst af aukinni umferð um þennan sveitaveg í þessum þrönga dal. Hér er rétt að taka fram að öll aðkoma að þauleldisbúinu er um vegi í Kjósarhreppi og hefur sveitarstjórn Kjósarhrepps lýst yfir andstöðu sinni við þessi áform.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að þann 8. nóvember 2021 sendu m.a. bændur á Kiðafelli, Morastöðum ásamt oddvita Kjósarhrepps, inn stjórnsýslukæru til Úrskurðarnefndar í umhverfis- og auðlindamálum og kröfðust þess að felld yrði úr gildi, annars vegar, ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs (skipulagsfulltrúa) Reykjavíkurborgar, dags. 29. september 2021, um að veita Ístaki hf. framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi vegna uppbyggingar Vesturlandsvegur, og, hins vegar, ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um veitingu starfsleyfis, dags. 12. október 2021.

Þetta mál var komið lengra í skipulagsferlinu. Í kærinni var byggt á mörgum sömu sjónarmiðum og í þessu máli, malarnámið væri í andstöðu við skipulag, vegurinn og brúin myndu ekki þola þessa umferð. Þá var einnig bent á að ekkert tillit hefði verið tekið til þeirrar staðreyndar að laxveiðiáin Kiðafellsá rennur um það svæði sem mál þetta varðar. Óhjákvæmilegt væri að námuvinnsla í næsta nágrenni við laxveiðiána myndi raska verulega gæðum árinna enda munu þungavinnuvélar keyra meðfram ánni og yfir hana á brú til að komast með efni úr námunni. Ekki er ástæða til að rekja þetta mál frekar en fyrrnefnd stjórnsýslukæra fylgir með þessari umsögn. Skemmst er frá því að segja að kærán var lögð fram 8. nóvember 2021 en þann 12. febrúar 2022 hafði bæði framkvæmdaleyfi og starfsleyfi verið afturkallað. Ekkert varð frekar af þessum áformum og aldrei upplýst um ástæður afturköllunarinnar en kærendur voru ánægðir með málalokin.

Í þessu máli er vissulega tilefni til að kanna það með ítarlegum hætti hvort þauleldið geti haft áhrif á laxveiðiána, Kiðafellsá, en Miðdalsá sem rennur um Tindstaðamýri rennur í Kiðafellsá.


Niðurlag

Af öllu framangreindu er ljóst að hér er um að ræða skipulagsmál sem er beinlínis í andstöðu við aðalskipulag Reykjavíkur. Verið er að þröngva þauleldi á hænsnum inn í friðsælan dal þar sem stundaður hefur verið hefðbundinn búskapur frá öndverðu. Einnig er sérstaklega til þess tekið í umsögn um aðalskipulag Reykjavíkur að þauleldi eigi ekkert skylt við þann borgarbúskap sem aðalskipulag Reykjavíkurborgar leggur áherslu á. Þá fylgir þessari starfsemi mikill óþefur og loftmengun og þröngur dalur eins og Miðdalur er eins óheppilegur og hægt er fyrir slíka starfsemi. Þá fer öll umferð til og frá þauleldinu um frekar fáfarinn sveitaveg í Kjósarhreppi, Eyrarfjallsveg, veg sem engan veginn þolir þessa umferð, að ekki sé minnst á hina gömlu Kiðafellsbrú. Þá hafa hestamenn verulegar áhyggjur af þessari auknu umferð, sbr. ályktun hestamannafélagsins Adams. Kjósverjar og Kjalnesingar leggjast almennt gegn þessari framkvæmd og er farið fram á að fallið verði frá þessum áformum og ekki lagt í deiliskipulagsvinnu vegna þessa. Það væri

skynsamlegast fyrir umhverfis- og skipulagsráð að afturkalla þessa skipulagslýsingu líkt og gert var með framkvæmda- og starfsleyfið fyrir malarnáminu forðum.

Allur réttur áskilinn.

Virðingarfyllst,


Sigurbjörn Magnússon, lögmaður

Fylgiskjöl:

1. Mynd af friðsæla Miðdalnum.
2. Mynd sem sýnir hvernig umferð flutningabíla lítur út á þurrum sumardegi.
3. Stjórnsýslukæra v/malarnáms í landi Ytri-Tindstaða.
4. Drög að landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnes.
5. Melavellir deiliskipulag.
6. Fundur v / opnunar tilboða í umrætt land, dags. 23. janúar 2019.







Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg
105 Reykjavík

Reykjavík 8. nóvember 2021

Efni: Stjórnsýslukæra vegna veitingar framkvæmda- og starfsleyfis fyrir efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi.

Kærendur: Sigurbjörn Hjaltason, kt. [REDACTED] María Dóra Þórarinsdóttir, kt. [REDACTED]
[REDACTED] og Orri Snorrason, kt. [REDACTED] Sigurbjörn Magnússon, kt. [REDACTED] og Karl
M. Kristjánsson, kt. [REDACTED] f.h. Kjósarhrepps, kt. [REDACTED]

Kærðu: Umhverfis- og skipulagssvið (skipulagsfulltrúi) Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Ólafur Haraldsson, lögmaður, annast hagsmunagæslu f.h. kæranda.

I. Kröfugerð

Kærendur gera eftirtaldar kröfur:

- 1) krafist er stöðvunar yfirvofandi framkvæmda á grundvelli framkvæmdaleyfis, dags. 29. september 2021 og starfsleyfis, dags. 12. október 2021;
- 2) krafist er að felld verði úr gildi, annars vegar, ákvörðun *umhverfis- og skipulagssviðs* (skipulagsfulltrúa) Reykjavíkurborgar, dags. 29. september 2021, um að veita Ístaki hf. framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi vegna uppbyggingar Vesturlandsvegur, og hins vegar, ákvörðun *Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur* um veitingu starfsleyfis, dags. 12. október 2021.

II. Um kæruheimild

Kæra þessi er byggð á kæruheimild sem fram kemur í 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en auk þess vísast til 4.-5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sbr. ennfremur 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, svo og skráðra og óskráðra meginreglna stjórnsýsluréttarins.

Hinar kærðu ákvarðanir voru ekki tilkynntar kærendum sérstaklega, heldur fréttu kærendur fyrst af þeim í lok október sl. en af því leiðir að kæra þessi er framkomin innan kærufrests.

Kærendur byggja á því að þeir hafi lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins í skilningi 1. másl. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærendur hafa þeirra hagsmuna að gæta að gríðarleg umferð stórra vörubifreiða með malarefni verður um fáfarinn og lélegan sveitaveg, Eyrarfjallsveg, sem liggur í gegnum land þeirra, sbr. nánar kafla IV.2. Má benda á úrskurð úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála frá 6. desember 2000, í kærumáli nr. 72/2000, þar sem nefndin mat aðild út frá því hvort framkvæmd myndi hafa bein áhrif á eign kæranda en einnig á grundvelli grenndarsjónarmiða.

III. Um stöðvunarkröfu kæranda

Krafa kæranda um stöðvun yfirvofandi framkvæmda byggir á 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Líkt og ráða má af atvikum máls, sbr. nánar hér í framhaldi, hafa verið gefin út framkvæmda- og starfsleyfi til handa Ístaki hf. Af því leiðir að framkvæmdir eru yfirvofandi á grundvelli nefndra leyfa í skilningi 5. gr. fyrrnefndra laga og hafa kærendur sjálfstæða hagsmuni af því að yfirvofandi framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan mál þetta er rekið fyrir úrskurðarnefndinni.

Enn fremur vísast til þess að fyrrnefnd leyfi eru tímabundin og því ljóst að hagsmunir kæranda verða ekki tryggðir ef málsmeðferðartími úrskurðarnefndarinnar dregst á langinn. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar um ógildingu hinna kærðu ákvarðana.

IV. Atvik máls

Málavextir eru þeir að skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, gaf út framkvæmdaleyfi 29. september 2021 f.h. Umhverfis og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, til handa Ístaki hf., fyrir efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi vegna uppbyggingar Vesturlandsvegur sem er verkefni í umsjón Vegagerðarinnar og heitir „Hringvegur um Kjalarnes“. Reiknað er með að framkvæmdaleyfið gildi á tímabilinu 12. október 2021 – 31. maí 2024.

Framkvæmdin sem um ræðir er efnistaka þar sem áætlað rask á yfirborði verði á bilinu 15.000-25.000m² svæði eða efnismagn sé áætlað um 25-45.000 rúmmetrar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum í námunni ljúki fyrir október 2024. Ljóst má vera í fyrirbyggjandi samhengi að umrædd efnistaka er veruleg í skilningi 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gaf síðan út tímabundið starfsleyfi, til handa Ístaki hf., dags. 12. október sl., fyrir efnistöku á landi Ytri-Tindstaða.

V. Málsástæður og lagarök

1. Ekkert samráð við íbúa eða nágranna/hagsmunaaðila

Framkvæmdaleyfið er háð ýmsum skilyrðum, sem koma fram í leyfinu sjálfu, þ. á m. að samráð skuli haft við og framkvæmdina skuli kynna ef íbúar eða nágrannar/hagsmunaaðilar eru nálægt efnistökusvæði. Engin slík kynning hefur farið fram, sbr. nánar hér í framhaldi.

Náman er í einkaeigu landeiganda Ytri-Tindstaða en Ístak hf. hefur fengið samþykki hans fyrir efnistökunni. Ekkert samráð hefur verið haft við aðra landeigendur eða hagsmunaaðila á svæðinu, utan þess að fimmtudaginn 4. nóvember var haldinn fjarfundur með Karli M. Kristjánssyni oddvita Kjósarhrepps og Birni Axelssyni, skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar ásamt þeim Birni Inga Edvaldssyni og Ernu Hrönn Geirsdóttur, lögfræðingi hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, þar sem fyrirhuguð framkvæmd var rædd og oddviti Kjósarhrepps reifaði áhyggjur landeiganda.

Landeigendur/hagsmunaaðilar fréttu fyrst af fyrirhuguðum framkvæmdum í síðustu viku október sl. eftir að framkvæmdaleyfi og starfsleyfi höfðu verið gefin út.

Kærendur eru landeigendur á nærliggjandi lóðum, þeir; Sigurbjörn Hjaltason, bóndi á Kiðafelli, Sigurbjörn Magnússon, hestamaður og sumarbústaðaeigandi í Brekkuskála í landi Kiðafells, María Dóra Þórarinsdóttir og Orri Snorrason bændur á Morastöðum og Karl M. Kristjánsson oddviti og sveitarstjóri Kjósarhrepps. Allir þessir landeigendur og jafnframt kærendur eiga það sameiginlegt að fá umferð stórvirkra vörubifreiða í nágrenni við eða um lönd sín þar sem þeir stunda m.a. búskap og hestamennsku. Þá snertir þetta augljóslega hagsmuni sveitarfélagsins.

Það hefur í engu verið haft samráð við framangreinda aðila eins og kveðið er á um í framkvæmdaleyfinu, sem er dags. 29. september sl. Þá liggur Eyrarfjallsvegur, sem flytja þarf efnið um, innan sveitarfélagsins Kjós en ekkert samráð hefur verið haft um það við sveitastjórn Kjósarhrepps. Þá liggur reiðvegur bæði meðfram Eyrarfjallsvegi og eins í Tindstaðalandinu um svokallaðar Kleifar að Kiðafells á sem var liður í opnun reiðvegjar um suðurhlíðar Esju árið 2019¹. Liggur sá reiðvegur reyndar rétt við námuna og verður nánast ófær meðan á malarnámi þar stendur. Með aukinni umferð, sem er óhjákvæmileg afleiðing námutökunnar, eykst slyshætta verulega fyrir hestamenn. Sjá myndir á fskj. 13 – 15, en þar liggur vegurinn um varasama blindhæð rétt við hestaútgerð Sigurbjörns Magnússonar, kæranda.

Í niðurstöðukafla umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 22. sept. 2021, segir að „samráð skuli haft við og framkvæmdina skuli kynna ef eru íbúar eða nágrannar/hagsmunaaðilar eru nálægt efnistökusvæði“ og er þessi setning tekin orðrétt upp í framkvæmdaleyfið, sbr. hér að framan.

Í tölvupósti Ásgeirs Björnssonar, heilbrigðisfulltrúa Reykjavíkur, dags. 26. október 2021, sjá fskj. nr. 9, sem hann sendir m.a. til Ístaks, Vegagerðarinnar og skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, eru framsend skilaboð frá einum kæranda. Nánar tiltekið eru með tölvupóstinum framsend skilaboð frá Orra Snorrasyni þar sem hann kvartaði yfir samráðsleysi vegna framkvæmdaleyfisins, og leggur til að „Ístak og Vegagerðin hafi samráð við ofangreinda aðila [kærendur] um framkvæmdina. Það væri æskilegt að niðurstaðan væri skrifleg, sem hagsmunaaðilar fá afrit af áður en framkvæmdir hefjast“. Þarna kemur skýrt fram að niðurstaðan úr þessu samráði þarf að liggja fyrir og helst að vera skrifleg.

Kærandi Karl M. Kristjánsson hefur með tölvupóstum ítrekað óskað eftir því samráði við hreppinn sem lofað hafði verið en þegar þetta er ritað hefur því í engu verið svarað. Sjá fskj. nr. 7.

Af þessu er m.a. ljóst að leyfishafi fór ekki eftir þeim skilyrðum sem leyfið kvað á um, þ.e. að hafa samráð við nærliggjandi aðila, hvorki bændur, sumarbústaðareigendur eða sveitarfélagið, sem allir hafa mikilla hagsmuna að gæta. Þrátt fyrir þennan annmarka gaf Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur út starfsleyfi til efnistöku. Á þessi annmarki á málsmeðferð að leiða til ógildis hinna kærðu ákvarðana.

2. Umferð þungra vinnuvéla/vörubifreiða um Eyrarfjallsveg

Í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur segir að „efnistökusvæðið sé í nágrenni við framkvæmdasvæðið og efnisflutningar fara fram í gegnum Hvalfjarðarveg og Vesturlandsveg.“ Sérstaka athygli vekur að hvorki í umsögninni né í framkvæmdaleyfinu er minnst einu orði á að efnisflutningar þurfi að fara fram um Eyrarfjallsveg, sem eins og áður sagði er gamall og lélegur malarvegur með tilheyrandi vegryki (sjá mynd á fskj. nr. 11 og 12) sem liggur í gegnum jarðirnar Kiðafell og Morastaði og yfir gamla og lélega brú á Kiðafellsá. Þá liggur vegurinn einnig um varasama blindhæð, áður en komið er að hestaaðstöðu Sigurbjörns Magnússonar á Kiðafelli.

Kærendur telja að vegurinn beri engan veginn slíka umferð þungra vinnuvéla. Vegurinn hefur verið til umræðu á fundum samgöngu- og fjarskiptanefndar Kjósarhrepps vegna slæms ástands. Þá hefur einnig verið fjallað um ástand vegarins í fjölmiðlum nýlega, þar sem ástand hans þykir einkar slæmt.²

¹ Sjá t.d. frétt frá 2. september 2019 á vefsvæði Landssambands Hestamannafélaga: <https://www.lhhestar.is/is/frettir/reidleid-um-esjuhlidar>

² Sjá t.d. frétt frá 14. október 2021 sem birtist á vefútgáfu Morgunblaðsins:

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/10/14/aetla_ad_hefla_og_fylla_i_verstu_kafana_fjotlega/>.

Það er hverjum manni ljóst að gríðarleg umferð þungra vörubifreiða og annarra tækja um veginn er til þess fallin að gera ástand vegarins enn verra en það er. Gróflega má áætla að hver vörubifreið taki u.þ.b. 12 rúmmetra sem þýðir að það þarf 3750 ferðir vörubifreiða til að flytja 45.000 rúmmetra af mól. Kunnugir segja að í slíkri vinnu þá séu 3-5 vörubifreiðar sem hver muni fara u.þ.b. 8-10 ferðir á dag sem þýðir samtals u.þ.b. 40-50 ferðir á dag.

Vegurinn liggur um land Kjósarhrepps auk þess sem vörubifreiðar þurfa að fara yfir veikbyggða og gamla brú yfir Kiðafellsá en með öllu er óvíst hvort að brúin þoli umferð þungra vörubifreiða með fullfermi efnis teknu úr námunni. Þá er eins og áður sagði lausaganga búfjárfé á svæðinu og reiðvegur sem mun verða fyrir miklum og neikvæðum áhrifum vegna fyrirhugaðrar starfsemi. Það er því ljóst að kærundur sem haghafar á þessu svæði hafa mikilla hagsmuna að gæta.

3. Brot gegn rannsóknarreglu

Kærundur byggja á því að kærðu hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 í málinu, enda hafi ekki verið séð til þess að málið hafi verið nægilega upplýst áður en ákvarðanir voru teknar um veitingu framkvæmda- og starfsleyfis. Þannig hafi verið gefið út framkvæmdaleyfi, og svo starfsleyfi, án þess að samráð hafi verið haft við alla hlutaðeigandi aðila á svæðinu, líkt og gert var að skilyrði í framkvæmdaleyfinu.

Auk framangreinds byggja kærundur á því að algerlega hafi verið litið framhjá því að efnisflutningur úr námunni þurfti að fara um Eyrarfjallsveg enda einungis minnst á Vesturlandsveg og Hvalfjarðarveg í t.a.m. framkvæmdaleyfinu og umsögn skipulagsfulltrúa. Eru því til staðar staðreyndarvillur í forsendum hinna kærðu ákvarðana.

Rannsóknarreglan er ein af grundvallarreglum stjórnarsýsluréttar. Áður en stjórnvald getur tekið ákvörðun í máli verður að rannsaka það og afla nauðsynlegra og rétttra upplýsinga um málsatvik. Umrædd stjórnarsýsla brýtur gegn rannsóknarreglu stjórnarsýsluréttar sem leggur þá skyldu á herðar stjórnvalds að upplýsa mál *nægjanlega vel* til að unnt sé að taka *efnislega rétta* ákvörðun í málinu.

Þá verður ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að gefa út starfsleyfi að skoðast í því ljósi að starfsleyfið var gefið út tveimur vikum eftir að framkvæmdaleyfið var gefið út og án þess að skilyrði framkvæmdaleyfis væru uppfyllt. Starfsleyfið var því gefið út án þess að afla nauðsynlegra og rétttra upplýsinga um atvik máls. Rannsóknarreglan var því augljóslega einnig virt að vettugi við útgáfu starfsleyfisins.

4. Brot gegn almennum skilmálum Aðalskipulags Reykjavíkur

Kærundur byggja á því að sú efnistaka sem mál þetta varðar brjóti gegn skilmálum Aðalskipulags Reykjavíkur. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er *minniháttar efnistaka* heimil í landi Ytri-Tindstaða en gera skal grein fyrir efnistöknunni í deiliskipulagi. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og þessu skilyrði því ekki fullnægt þegar af þeirri ástæðu.

Í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi segir að (skáletraður texti er áherslubreyting undirritaðs) „þegar sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd á svæði utan þéttbýlis, þegar byggðs hverfis eða byggðakjarna í dreifbýli, og deiliskipulag liggur ekki fyrir, fjallar leyfisveitandi um efni umsóknarinnar og leggur mat á hvort framkvæmd sú sem sótt er um kalli á gerð deiliskipulags eða hvort leita megi meðmæla Skipulagsstofnunar með framkvæmdinni. Við mat á því hvort gera skuli deiliskipulag skal byggt á því hvort *framkvæmdin sé umfangsmikil* eða þess eðlis að hana þurfi að kynna með formlegum hætti til að *kanna afstöðu hagsmunaaðila*“. Líkt og fyrr er getið er framkvæmdin umfangsmikil og afstaða hagsmunaaðila hefur ekki verið könnuð.

Kærendur telja rétt að vekja athygli á því að ný lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana tóku gildi frá og með 1. september 2021. Umrædd lög fela í sér sameiningu löggjafar um umhverfismat framkvæmda annarsvegar og um umhverfismat áætlana hinsvegar og hafa þýðingu við úrlausn máls þessa.

Samkvæmt verklýsingu leyfishafa er efnistakan aðeins látin ná til þess að áætlað rask á yfirborði verði á bilinu 15.000-25.000m² svæði eða efnismagn verið áætlað um 25-45.000 rúmmetrar. Framkvæmdin flokkast þar með undir tölulið 2.02 (efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra) í viðauka 2 í lögum nr. 111/2021 umhverfismat framkvæmda og áætlana. Töluliður 2.02 telst þar með vera í flokki B sem eru „þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati samkvæmt lögum þessum“.

Samkvæmt umsögn skipulagsfulltrúa þarf ekki að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar eins og áður, þar sem flokkur C hefur verið felldur úr lögnum með setningu laga nr. 111/2021. Líkt og greinir að framan telst framkvæmdin nú falla undir flokk B skv. kerfi nýju laganna en það eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati, sbr. 1. mgr. 1. viðauka laganna.

Rétt er að vekja athygli á því að leyfishafi sækir eingöngu um leyfi til að vinna 45.000 rúmmetra af mól og raska landi sem er allt að 25000 fm sem er rétt innan markanna og kemur með því í veg fyrir að leita þurfi eftir áliti Skipulagsstofnunar á framkvæmdinni. Að mati kæranda er þessi háttur hafður á til að komast undan því að leita þurfi álits Skipulagsstofnunar. Er slíkt á mælisvert í ljósi lögmætra hagsmuna kæranda.

5. Um sérstaka skilmála núgildandi skipulags svæðisins

Kærendur benda á að tilteknir sérstakir skilmálar gilda um Ytri-Tindstaði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur. Í skilmálanum segir um efnistöku í landi Ytri-Tindstaða (feitletraður texti er áherslubreyting undirritaðs):

Ytri-Tindstaðir (E9). Minniháttar efnistaka er heimil í landi Ytri-Tindstaða. Gera skal grein fyrir efnistöku í deiliskipulagi.

*Eftirfarandi almenn markmið og skipulagsákvæði eru sett fram um efnistöku í aðalskipulaginu: **Minniháttar tímabundin efnistaka getur verið heimil á svæðum sem til stendur að raska vegna byggðapróunar samkvæmt aðalskipulaginu og efnistaka til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum.** Forðast skal eftir megni röskun á ósnortnum hlíðum, ásum og áberandi landslagsmyndum og öðrum náttúruminum. Efnistaka er ekki heimil innan Græna trefilsins, opnum svæðum (OP), strandsvæðum (ST), óbyggðum svæðum (ÓB) og í vötnum, ám og sjó (V). [...]*

Samkvæmt framansögðu er minniháttar efnistaka heimil í landi Ytri-Tindstaða en gera skal grein fyrir efnistöku í deiliskipulagi. Kærendur benda á að slíkt hefur ekki verið gert og því hefur þessu formskilyrði ekki fullnægt.

Þá benda kærendur á að „minniháttar tímabundin efnistaka“ geti verið heimil en einungis á svæðum sem til stendur „að raska vegna byggðapróunar samkvæmt aðalskipulaginu og efnistaka til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum.“

Kærendur telja að þessum áskilnaði hinna sérstöku skilmála aðalskipulags um Ytri-Tindstaði sé ekki fullnægt og geta því hinar kærðu ákvarðanir á engan hátt staðist. Þannig er ljóst að ekki er um minniháttar efnistöku að ræða miðað við allar aðstæður enda getur flutningur á 45.000 rúmmetrar af efni aldrei talist minniháttar. Auk þess er rétt að benda á að efnisflutningar munu fara um Eyrarfjallsveg í Miðdal en í þeim dal er landbúnaður stundaður. Samkvæmt sérstökum áskilnaði skilmála aðalskipulags er efnistaka heimil á landbúnaðarsvæðum til eigin nota. Í því máli sem hér er til meðferðar er aftur á móti ljóst að landeigandi Ytri-Tindstaða ætlar ekki að nýta efnismagnið til eigin nota heldur hefur hann gert samning við Ístak hf. um námugróftinn. Hér er sérstökum áskilnaði skilmála aðalskipulags ekki fullnægt. Umræddar ákvarðanir eru því ógildar að lögum.

6. Ákvæði laga um lax- og silungsveiði

Kærendur telja rétt að vekja athygli á að laxveiðiá, Kiðafellsá, rennur um Miðdal, nánar tiltekið á því svæði sem mál þetta varðar. Í sérstökum skilmálum Aðalskipulags Reykjavíkur, sem gilda um Ytri-Tindstaði, segir m.a. (feitlettraður texti áherslubreyting undirritaðs):

Gera skal grein fyrir umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku, hvort sem efnistakan heyrir undir lög nr. 106/2000 eður ei. Sérstaklega skal gera grein fyrir náttúruminum sbr. viðkomandi ákvæði náttúruverndarlaga, fornleifum og menningarminjum sbr. ákvæði laga um menningarminjar og taka tillit til ákvæða lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, þar sem það á við.

Að mati kæranda hefur ekkert verið tekið tillit til þeirrar staðreyndar að Kiðafellsá rennur um það svæði sem mál þetta varðar. Óhjákvæmilegt er að námuvinnsla í næsta nágrenni við laxveiðiána muni raska verulega gæðum árinna enda munu þungavinnuvélar keyra meðfram ánni og yfir hana á brú til að komast með efni úr námunni.

Kærendur benda á að hinar kærðu ákvarðanir stríða í raun gegn yfirlýstu markmiði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um verndun Kiðafellsár. Í samantekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sem unnin var fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, útgefin í júlí 2012, kemur m.a. fram um Kiðafellsá, Leirvogsá og Úlfarsá (feitlettraður texti áherslubreyting undirritaðs):

Kiðafellsá, Leirvogsá og Úlfarsá eru vinsælar laxveiðiár og er afar sérstakt að hafa aðgengi að slíkum ám í nálægð við helsta þéttbýliskjarna landsins. Undanfarin ár hefur mengunarálag aukist, sérstaklega í Úlfarsá og Leirvogsá, m.a. vegna þess að byggðin hefur sífellt færst nær ánum með hugsanlegum neikvæðum áhrifum á lífríki ána m.a. vegna mengandi efna sem geta borist þangað. Á sama tíma hefur þó almenn umræða um náttúruvernd aukist. T.d. hefur settjörnum verið komið fyrir við Úlfarsá og Leirvogsá til að draga úr líkum á mengunarslysum vegna ofanvatns (Friðþjófur Árnason, 2007).³

Samkvæmt framansögðu stríðir það gegn yfirlýstum markmiðum Kjósarhrepps og Reykjavíkurborgar um verndum m.a. Kiðafellsár að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis og starfsleyfis vegna námatöku í landi Ytri-Tindstaða.

Þá er enn fremur ljóst að hinar kærðu ákvarðanir raska verulega hagsmunum kæranda, þ.m.t. hlunnindum af laxveiði, sem njóta verndar skv. eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með áorðnum breytingum, sbr. og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu.

³ Vöktun Kiðafellsár, Leirvogsár og Úlfarsár árið 2009, samantekt unnin af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, útg. júlí 2012, bls. 18. Samantektin er aðgengileg á vefslóð Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/voktun_kidafellsar_leirvogsar_og_ulfarsar_arid_2009.pdf>.

VI. Niðurlag

Að teknu tilliti til alls framangreinds er ljóst að brotið hefur verið gegn rannsóknarreglu stjórnsluréttar, svo og almennum og sérstökum skilmálum Aðalskipulags Reykjavíkur. Kærendur telja að ágallar hinna kærðu ákvarðana séu þess eðlis að taka beri kröfur kærenda til greina um að fella hin útgefna framkvæmda- og starfsleyfi úr gildi.

Allur réttur áskilinn, þ.m.t. réttur til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum málsins ef málsmeðferð nefndarinnar gefur tilefni til þess.

Virðingarfyllst, f. h. kærenda

Ólafur Haraldsson, lögmaður

Fylgigögn:

- Nr. 1: Starfsleyfi, útgefið af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, dags. 12.10.2021
- Nr. 2: Framkvæmdaleyfi, útgefið af Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 29.09.2021
- Nr. 3: Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 22.09.2021
- Nr. 4: Tölvupóstur oddvita Kjósarhrepps, dags. 29.10.2021
- Nr. 5: Tölvupóstur oddvita Kjósarhr. til Vegagerðarinnar, dags. 27.10.2021
- Nr. 6: Tölvupóstur oddvita Kjósarhr. til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 26.10.2021
- Nr. 7: Tölvupóstur oddvita Kjósarhr. til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 25.10.2021
- Nr. 8: Tölvupóstur Sigurbjörns Hjaltasonar til Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26.10.2021
- Nr. 9: Tölvupóstur Ásgeirs Björnssonar til Ístaks, dags. 26.10.2021
- Nr. 10: Fundargerð fundar 4. nóvember 2021 með skipulagsfulltrúa Rvk.
- Nr. 11: Mynd af akstri vörubifreiðar
- Nr. 12: Mynd af akstri vörubifreiðar
- Nr. 13: Mynd af blindhæð
- Nr. 14: Mynd af hestaaðstöðu Sigurbjörns Magnússonar, kærenda
- Nr. 15: Mynd af hestagirðingu Sigurbjörns Magnússonar, kærenda

Fskj nr. 1



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir efnistöku á landi Ytri-Tindstaða, landnr. 125759.

Nafn leyfishafa: Ístak hf.

Heimilisfang: Bugðufljóti 19

Póstnúmer: 270

Kennitala: 430214-1520

Útgáfudagur leyfis: 12. október 2021

Gildir: Frá 12. október 2021
til 31. maí 2024

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemiina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir efnistöku og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyllt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 12. október 2021



Sigurðardóttir



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

FRAMKVÆMDALEYFI

Með vísan í umsókn Ístaks dags. 7. september 2021 ásamt bréfi ódagsettu og yfirlitsmynd um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Ytri-Tindastaðanámunámu á Kjalarnesi, sem samþykkt var á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 22. september 2021, er hér með veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Ytri-Tindastaðanámu á Kjalarnesi vegna uppbyggingar Vesturlandsvegur sem er verkefni í umsjón Vegagerðarinnar og heitir "Hringvegur um Kjalarnes." Áætlaður verktími er frá byrjun september 2021 til enda október 2024.

Nánari lýsing:

Framkvæmdin sem um ræðir er efnistaka þar sem áætlað er að rask á yfirborði verði á bilinu 15.000-25.000m² svæði eða efnismagn verið áætlað um 25-45.000 rúmmetrar. Efnismagn er háð gæðum og nothæfu magni efnis. Ístak hefur þegar sent inn umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem er í ferli. Í útboðsgögnum framkvæmdarinnar fyrir Vesturlandsveg þá er bent á Ytri-Tindastaðanámu sem mögulegt efnistökusvæði fyrir framkvæmdina.

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskilyt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er ræða efnistöku á landi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum í náminu ljúki fyrir október 2024. Um er að raskað svæði nú þegar, sem þó er búið að ganga frá að einhverju leyti, en í nálægð við fyrirhugað framkvæmdasvæði við Hringveginn á Kjalarnesi og engar skráðar minjar á því. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið en í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er umrætt svæði rauðmerkt og skilgreint sem efnistökusvæði/náma (E9).

Í framkvæmdalýsingu með erindi kemur fram að á efnistökusvæðinu mun verktaki vera með tvær til þrjá vinnuvélar eftir þörfum sem munu sjá um að haugsetja, flokka og moka efni á malarflutninga bíla sem munu keyra því á framkvæmdasvæðið. Efnistökusvæðið er í nágrenni við framkvæmdasvæðið og efnisflutningar fara fram í gegnum Hvalfjarðarveg og Vesturlandsveg. Tilheyrandi vinnustaðamerkingar verða settar upp við inn og útaf akstur úr námu og framkvæmdasvæði. Verktaki mun ekki setja upp neina aðstöðu á svæðinu, notast verður við vinnubúðir verktaka í Grundarhverfi.

Framkvæmdaleyfið er háð þeim skilyrðum:

- Engar olíu- eða spilliefna birgðir mega vera á svæðinu.
- Þjónustubílar muna koma á svæðið til þess að þjónusta vinnuvélar. Vinnuvélar verktaka uppfylla kröfur vinnueftirlits.
- Þær vinnuvélar sem verktaki mun nota á svæðinu skulu hafa mengunarvarnarbúnað sem samanstendur af uppsogsmottum, ígleypniefnum og skóflum.
- Komi fornleifar í ljós á framkvæmdasvæðinu ber framkvæmdaleyfishafa að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands skv. Minjalögum.
- Samráð skal haft við og framkvæmdina skal kynna ef íbúar eða nágarnnar/hagsmunaaðilar eru nálægð efnistökusvæði.
- Starsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur vegna framkvæmdarinnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.
- Gæta skal sérstakrar varúðar við framkvæmdina og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er.

-
- Tryggja skal að vinnusvæði sé snyrtilegt.
 - Ekki er heimilt að safna upp haugum af efni til losunar, þannig að það geti valdið jarðvegsfoki eða annarri truflun fyrir nágrennið.
 - Ef framkvæmdaleyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki ofl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis hjá skrifstofu rekstur og umhirðu á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
 - Ganga skal snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum í samráði við landeigendur, svo sem með því að jafna út raskað land með moldarefni og sá í það með grasfræjum ef þykir tilefni til að eða gróðusetja.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 22. september 2021, og öðrum gögnum sem eru hluti af framkvæmdaleyfi þessu.

Framkvæmdaáætlun:

Framkvæmdatími er frá byrjun september 2021 til enda október 2024.

Framkvæmdaleyfi er grundvallað á eftirfarandi gögnum:

- Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.
- Bréf Ístaks ódagsett.
- Staðsetning og hnitaskrá
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2021.

Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum en annað eintakið skal vera á framkvæmdastað. Framkvæmdaaðili skal ávallt framvísa útgefnu framkvæmdaleyfi, sé þess óskað af eftirlitsaðilum.

Eftirlitsaðili að þessari framkvæmd er leyfisveitandi en leyfisveitanda er heimilt að taka mið af eigin eftirliti framkvæmdaaðila þegar hann ákveður umfang hins lögbundna eftirlits. Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta, skal eftirlitsaðili gera framkvæmdaaðila viðvart um það og leggja fyrir hann skriflega um hvað bæta eigi úr. Það sama á við ef eigin eftirliti framkvæmdaaðila er ábótavant, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Framkvæmdaleyfi þetta veitir ekki heimild til framkvæmda sem brjóta í bága við ákvæði annarra laga eða reglugerða sem framkvæmdin fellur undir. Framkvæmdaraðili þarf að tryggja að öll leyfi liggja fyrir hverjum verkþætti, áður en framkvæmdir hefjast, sem á við hverju sinni.

Framkvæmdaleyfi þetta öðlast gildi 29. september 2021 og fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá þeim degi. Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi í síðasta lagi 1. nóvember 2024.

Reykjavík, 29. september 2021.



f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, lögfræðingur



Reykjavík 22. september 2021


Varðar: Kjalarnes - Ytri-Tindstaðanáma, framkvæmdaleyfi.

Lögð er fram umsókn Ístaks hf. dags. 7. september 2021 ásamt bréfi ódags. um framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi fyrir efnistöku úr Ytri-Tindstaðanámu. Megintilgangur fyrir efnistökkunni er uppbygging á Vesturlandsvegi, sem er verkefni í umsjón Vegagerðarinnar og heitir "Hringvegur um Kjalarnes". Einnig er lögð fram yfirlitsmynd. Reiknað er með að framkvæmdaleyfi sem gildir frá byrjun október 2021 til enda október 2024. Í umsókn kemur fram að um er að ræða efnistöku sem heyrir undir flokk C þar sem áætlað er að rask á yfirborði verði á bilinu 15.000-25.000m² svæði eða efnismagn verið áætlað um 25-45.000 m³. Efnismagn er háð gæðum og nothæfu magni efnis. Ístak hefur sent inn umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem er nú í ferli. Ístak hefur rætt við landeiganda og hann er jákvæður gagnvart efnistökkunni. Í útboðsgögnum framkvæmdarinnar fyrir Vesturlandsveg þá er bent á Ytri-Tindstaðanámu sem mögulegt efnistökusvæði fyrir framkvæmdina.



Ytri Tindstaða náma
Um 24.500 m²

	X	Y
A	366040.60	424948.50
B	366303.40	424569.00
C	366280.60	424803.70
F	366198.70	424812.80
E	366058.20	424831.00




Yfirlitsmynd, framkvæmdasvæði.

Afstöðumynd af lóðamörkum og afmörkuðu efnistökusvæði á Ytri Tindstöðum, landeignanúmer 125759.

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er ræða efnistöku á landi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum í náminu ljúki fyrir október 2024. Um er að að raskað svæði nú þegar (þó búið sé að ganga frá því að einhverj leyti) nálægð við fyrirhugað framkvæmdasvæði við Hringveginn á Kjalarnesi og engar skráðar minjar á því.

Ekki er í gildi deiliskipulag en í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er umrætt svæði rauðmerkt og skilgreint sem efnistökusvæði/náma (E9). Um efnistökusvæði segir í aðalskipulagi að á Kjalarnesinu eru fjórir stórir efnistökuastaðir og fjölmargir smærri. Margir þessara efnistökuastaða eru aflagðir. Í sumum tilvikum eru staðirnir frágengnir. Í stefnu aðalskipulagsins 2010-2030 er gert ráð fyrir því að frekari efnistaka verði möguleg á nokkrum stærri stöðum en einnig á minnstöðum sbr. kemur í uppdrætti aðalskipulagsins og greinargerð. Um svæðið við við Ytri-Tindstaði (E9) er fjallað nánar í greinargerð aðalskipulagsins um Kjalarnesið, en þar er minniháttar efnistaka heimil. Minniháttar tímabundin efnistaka getur verið heimil á svæðum sem til stendur að raska vegna byggðapróunar samkvæmt aðalskipulaginu og efnistaka til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum. Forðast skal eftir megni röskun á ósnortnum hlíðum, ásum og áberandi landslagsmyndum og öðrum náttúruminum.



Mynd 5. Efnistökuastaðir á Kjalarnesi

Yfirlitsmynd, aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Framkvæmdasvæði er rauðmerkt með hring E9.

Í framkvæmdalýsingu með erindi kemur fram að á efnistökusvæðinu mun verktaki vera með tvær til þrjá vinnuvélar eftir þörfum sem munu sjá um að haugsetja, flokka og moka efni á malarflutningabíla sem munu keyra því á framkvæmdasvæðið. Efnistökusvæðið er í nágrenni við framkvæmdasvæðið og efnisflutningar fara fram í gegnum Hvalfjarðarveg og Vesturlandsveg. Tilheyrandi vinnustaðamerkingar settar upp við inn og útaf akstur úr námu og framkvæmdasvæði. Verktaki mun ekki setja upp neina aðstöðu á svæðinu, notast verður við vinnubúðir verktaka í Grundarhverfi. Engar olíu- eða spilliefna birgðir verða á svæðinu. Þjónustubílar munu koma á svæðið til þess að þjónusta vinnuvélar. Vinnuvélar verktaka uppfylla kröfur vinnueftirlits.

Þær vinnuvélar sem verktaki mun nota á svæðinu munu hafa mengunarvarnarbúnað. Sá mengunarvarnarbúnaður samanstendur af uppsogsmottum, ígleypniefnum og skóflum.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 þar sem er skilgreind náma á umræddu svæði. Ekki er í gildi deiliskipulag. Eðlilega þá geta framkvæmdir ekki hafist fyrr en starfsleyfi fæst frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og /eða undanþága fæst frá Ráðuneytinu til að hefja efnistöku innan svæðisins. Jafnframt þarf leyfi landeigenda að liggja fyrir og verður framkvæmdaleyfið ekki skrifað út formlega fyrr en það hefur verið sent inn til embættis skipulagsfulltrúa.

Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana hafa tekið gildi frá og með 1. september 2021, nr. 111/2021 en þau fela í sér sameiningu löggjafar um umhverfismat framkvæmda annarsvegar og um umhverfismat áætlana hinsvegar. Með gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Um er að ræða ákveðna heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum með það fyrir augum að auka skilvirkni og tryggja sem best aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að umhverfismati framkvæmda, auk þess að endurskoða tiltekin ákvæði laganna. Meðal annars þá voru framkvæmdaflokkar endurskoðaðir í ljósi reynslu af framkvæmd eldri laga. Áfram eru þær framkvæmdir sem falla í flokk A háðar umhverfismati. Framkvæmdir í flokki B eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar eins og áður, en flokkur C hefur verið felldur brott. Lögin má nálgast hér:

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1809.html>

Þannig að m.v. nýju lögin þá heyrir efnistakan sem sótt er um ekki undir flokk C í viðauka skv. eldri lögum um umhverfismat nr. 106/2000, þ.e. stærðarviðmið og magntaka er undir ákveðnum mörkum, töluliður 2.04 í töflu. Sá flokkur hefur verið felldur á brott, og því þarf ekki að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar eins og áður. Að sjálfsögðu er þó ennþá um framkvæmdaleyfisskylda framkvæmd að ræða sbr. fram hefur komið hér fyrir. Sjá má viðmið nýju flokkanna hér að neðan 1.viðauka, 2.kafla Vinnsla auðlinda í jörðu í lögum nr. 111/2021:

2. Vinnsla auðlinda í jörðu.

2.01	Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m³ eða meira.	X
2.02	Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í töflu. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.	X
2.03	Neðanjarðarnámur.	X
2.04	Djúpbörðun (að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs), einkum: i. borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum, ii. borun eftir jarðhita á léghitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni. iii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs, iv. vinnsla og rannsóknarboranir vegna kolvetnis utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka, v. borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að vinna a.m.k. 70 l/sek.	X
2.05	Iðjuver ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.	X

Í samræmi við tímaáætlun þá er leyfið gefið út til lok árs 2024, en verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi. Samráð skal haft við og framkvæmdina skal kynna ef eru íbúar eða nágrannar/hagsmunaaðilar eru nálægt efnistökusvæði. Sækja skal um starfsleyfi vegna framkvæmdarinnar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur áður en framkvæmdir hefjast, og er það í ferli sem fyrr segir. Farið er fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum í samráði við landeigendur td. með því að jafna út raskað land með moldarefni og sáð í það með grasfræjum ef þykir tilefni til að eða gróðusetja. Engin fornleifaskráning hefur farið fram, en engar skráðir punktar eru innan svæðis en það er ekki trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Komi þær í ljós ber að að tilkynna það til Minjastofnunar.

Sem fyrr segir þá skal gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdina og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt. Ekki er heimilt að safna upp haugum af efni til losunar, þannig að það geti valdið jarðvegsfoki eða annarri truflun fyrir nágrennið. Ef framkvæmdaleyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki ofl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis hjá skrifstofu rekstur og umhirðu á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa,
/Björn I. Edvardsson.

Fskj. m. 4

From: Karl Magnús <Oddviti@kjós.is>
Sent: föstudagur, 29. október 2021 15:38
To: [REDACTED]@reykjavik.is
Subject: Varðar málarnám í landi Tindstaða.

Sæll vertu Björn. Ég hef enn ekkert heyrt frá ykkur. Á ég von á samtali fljótlega?
Með kveðju,

Karl M. Kristjánsson
oddviti og sveitarstjóri
Kjósarhreppur
Sími 566 7100
www.kjos.is



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum

Fskj m. 5

From: Karl Magnús
Sent: miðvikudagur, 27. október 2021 10:49
To: Svanur G. Bjarnason - VG [redacted]@vegagerdin.is>; Hermann Snorri Jónsson - VG [redacted]@vegagerdin.is>
Subject: FW: FW: FS: SKILABOÐ - umhverfiseftirlit - vegna malartaka hjá Morastaðir - áriðandi

Sælir verið þið.

Framsendi meðfylgjandi pósta, sem mikilvægt er að þið skoðið.

Höfum ekkert heyrt frá Vegagerðinni varðandi malartökumálið. Ef til vill er þetta á hærrí vegum hjá Vegaerðinni. Mikilvægt að fá það upplýst.

Með kveðju,

Karl M. Kristjánsson
oddviti og sveitarstjóri
Kjósarhreppur
Sími 566 7100
www.kjos.is



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum

From: María Dóra Þórarinnsdóttir [redacted]@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 26. október 2021 15:33
To: Karl Magnús <Oddviti@kjos.is>
Subject: Fwd: Fw: FS: SKILABOÐ - umhverfiseftirlit - vegna malartaka hjá Morastaðir - áriðandi

----- Forwarded message -----

From: [REDACTED]@emax.is>

Date: Tue, 26 Oct 2021, 12:28

Subject: Re: Fw: FS: SKILABOD - umhverfiseftirlit - vegna malartaka hjá Morastaðir - árfóandi

To: [REDACTED]@reykjavik.is>

Cc: Þróstur Sívertsen <[REDACTED]@istak.is>, Ásta Ósk Stefánsdóttir <[REDACTED]@istak.is>, <[REDACTED]@gmail.com>, USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>, <vegagerdin@vegagerdin.is>, <[REDACTED]@reykjavik.is>

Sæll Ásgeir.

Gerur þú sent okkur tilvitnaða umsögn skipulagsfulltrúa

On 2021-10-26 11:01, [REDACTED]@reykjavik.is wrote:

> Tilvísun í mál: 2021100295

>

> Til þeirra er málið varðar,

>

> Ég áframsendi hér póst frá Orra Snorrasyni bónda á

> Morastöðum, en hann er með athugasemdir við umferð í tengslum

> við rekstur á Ytri-Tindastaða malarnámunni.

>

> Samkvæmt útgefnu framkvæmdaleyfi (sjá meðfylgjandi afrit) fyrir

> rekstri námunnar er eitt af skilyrðum þess að „Samráð skal

> haft við og framkvæmdina skal kynna ef íbúar eða

> nágrannar/hagsmunaaðilar eru nálægt efnistökusvæði.“ _

>

> Í samtali við Orra benti hann á að bæði hann og Sigurbjörn,

> bóndi á Kiðafelli væru hagsmunaaðilar og mögulega einhverjir

> sumarbústaðir á svæðinu. Þar sem stór hluti umrædds vegar að

> Hvalfjarðarvegi liggur innan sveitarfélags Kjósar þarf mögulega

> að hafa samráð við það sveitarfélag.

>

> Heilbrigðiseftirlitið leggur til að Ístak og Vegagerðin hafi

> samráði við ofangreinda aðila um framkvæmdina. Það væri

> æskilegt að niðurstaðan væri skrifleg, sem hagsmunaaðilar fá

> afrit af áður en framkvæmdir hefjast.

>

> Ég áframsendi þennan póst einnig á Skipulagsfulltrúa

> Reykjavíkur, sem er útgefandi framkvæmdaleyfisins.

>

> Með kveðju,

> Ásgeir Björnsson, heilbrigðisfulltrúi

> Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

>

> Borgartún 12, 105 Reykjavík

> Sími: 411 1111, netfang: [REDACTED]@reykjavik.is

> www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

>

> Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum:

> <http://www.reykjavik.is/trunadur>

>

> FRÁ: Bára Snæfeld Jóhannsdóttir

> [REDACTED]@reykjavik.is>

> SENT: mánudagur, 25. október 2021 11:17
> TIL: Heilbrigðiseftirlit <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>
> AFRIT: [REDACTED]@gmail.com
> EFNI: SKILABOÐ - umhverfiseftirlit - vegna malartaka hjá Morastaðir
> - áriðandi
>
> Sæl,
>
> Orri Snorrason, Morastöðum s. [REDACTED] og [REDACTED]
>
> Þetta varðar malarnám Ístaks sem þeir munu vera búnir að fá
> leyfi fyrir.
>
> Þeir þurfa að fara um veikbyggðan malarveg, ein veikbyggð brú um
> þeirra jörð, reiðvegur og lausaganga sauðfés á þeirra svæði
> og tún.
>
> Ekkert hefur verið rætt um þessi mál við þau verður að skoða
> þetta nánar.
>
> Biður vinsamlega um að ræða við sem allra fyrst.
>
> Kveðja, / Best regards,
>
> Bára Snæfeld
>
> _Þjónustufulltrúi / Customer service_
>
> Sími: / Tel: 411-1111
>
> Borgartún 12-14
>
> Reykjavik.is
>
> <cid:image001.jpg@01D6DE0A.A1722560>
>
> _____
> Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum:
> <http://www.reykjavik.is/trunadur>
>
> Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan
> tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn
> krefur.

Fskj: m 6

From: Karl Magnús <Oddviti@kjos.is>
Sent: þriðjudagur, 26. október 2021 16:38
To: [REDACTED]@reykjavik.is
Subject: Re: Ósk eftir samtali við Ólöfu Örvarsdóttur - Framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Tindstaða

Sæl vertu María.
Hinkra eftir svari.
Kveðja
Karl Magnús Kristjánsson
Oddviti

Get [Outlook fyrir Android](#)

From: [REDACTED]@reykjavik.is <[REDACTED]@reykjavik.is>
Sent: Tuesday, October 26, 2021 10:49:42 AM
To: [REDACTED]@reykjavik.is <[REDACTED]@reykjavik.is>; Karl Magnús <Oddviti@kjos.is>
Subject: Fw: Ósk eftir samtali við Ólöfu Örvarsdóttur - Framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Tindstaða

Sæll Karl, embætti skipulagsfulltrúa gefur út framkvæmdaleyfi og mun Björn Axelsson setja sig í samband við þig varðandi málið.

María Nielsdóttir verkefnastjóri
Sími/Tel.: [REDACTED] / 411 1111
[REDACTED]@reykjavik.is
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík www.reykjavik.is

Notandi: "Karl Magnús" <Oddviti@kjos.is>
Dagsetning: 25.10.2021 13:57:54
Til: "USK Þjónusta netfang" <usk@reykjavik.is>
Efni: Ósk eftir samtali við Ólöfu Örvarsdóttur

Esbj. m. 7

From: Karl Magnús
Sent: mánudagur, 25. október 2021 13:57
To: 'usk@reykjavik.is' <usk@reykjavik.is>
Subject: Ósk eftir samtal við Ólöfu Örvarsdóttur

Góðan daginn.

Oddviti og sveitarsjóri Kjósarhrepps óskar eftir samtali við sviðsstjóra skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Ólöfu Örvarsdóttur.

Málið varðar framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Tindstaða, þar sem skilgreind er náma fyrir efnisnotkun til einkanota. ÍSTAK hefur fengið leyfi til að taka efni til notkunar í geysiumfangsmikið verkefni sem er fyrir förgun á vegstæði vesturlandsvegur á Kjalarnesi. Efnisflutningarnir þurfa að fara um Eyrarfjallsveg í Kjós sem er vegur í slæmu viðhaldi. Um hann þarf að fara með öll skólabörn og börn í frístundasókn á degi hverjum. Og hefur oft verið kvartað um lélegt viðhald við Vegagerðina, sjá nýlega umfjöllun í fjölmiðlum.

Mikil óánægja er með þessa leyfisveitingu og óttast undirritaður að upp úr sjóði opinberlega ef ekkert er frekara að gert.

Óskar undirritaður eftir samtali um málið þegar sviðsstjóri hefur kynnt sér málið nánar.

Með kveðju,

Karl M. Kristjánsson
oddviti og sveitarstjóri
Kjósarhreppur
Sími 566 7100, [REDACTED]

www.kjos.is



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum

Fskj. n. 8

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: [REDACTED]@emax.is <[REDACTED]@emax.is>

Sent: þriðjudagur, 26. október 2021 17:33

Til: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>

Efni: Fwd: Re: Re: Fw: FS: SKILABOÐ - umhverfiseftirlit - vegna malartaka hjá Morastaðir - áriðandi

Góðan dag.

Vegna ábendingar heilbrigðisfulltrúa óska ég eftir að fá eftirfarandi skjal:

----Vinsamlega, leitið til skipulagsfulltrúa um skjalið „Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2021“._ sem er eitt af gögnum sem „Framkvæmdarleyfi Ytri Tindastaðanámu“_ er grundvallað á.

Sigurbjörn Hjaltason

----- Original Message -----

Efni: Re: Re: Fw: FS: SKILABOÐ - umhverfiseftirlit - vegna malartaka hjá Morastaðir - áriðandi

Dags: 2021-10-26 17:22

Sendandi: [REDACTED]@reykjavik.is

Viðtakandi: [REDACTED]@emax.is

Afrit: "Pröstur Sívertsen" [REDACTED]@istak.is>, "Ásta Ósk Stefánsdóttir" [REDACTED]@istak.is>, [REDACTED]@gmail.com, "USK Skipulag"

<skipulag@reykjavik.is>, vegagerdin@vegagerdin.is, "Guðjón Ingi Eggertsson"

[REDACTED]@reykjavik.is>

Tilvísun í mál: 2021100295

Sæll Sigurbjörn,

Vinsamlega, leitið til skipulagsfulltrúa um skjalið „Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2021“._ sem er eitt af gögnum sem „Framkvæmdarleyfi Ytri Tindastaðanámu“_ er grundvallað á.

Væntanlega dugar að þú sendir beiðni þína beint á skipulag@reykjavik.is.

Með kveðju,

Ásgeir Björnsson, heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit _____

Borgartún 12, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111, netfang: [REDACTED]@reykjavik.is

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.reykjavik.is%2Fheilbrigdiseftirlit&data=04%7C01%7Cskipulag%40reykjavik.is%7C6725cca28ec34602263808d998a6abef%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637708663875753527%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoic4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sd=Jv94h8a4qpcMztiBBiOpQNJH4QBrqc9CwoDFxiOCUxM%3D&reserved=0>

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum:

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.reykjavik.is%2Ftrunadur&data=04%7C01%7Cskipulag%40reykjavik.is%7C6725cca28ec34602263808d998a6abef%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637708663875753527%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoic4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sd=6TamjbxVVLKb9nNShUdDsC%2BvZyAI4VKDBemzN6zKpm8%3D&reserved=0>

Notandi: kidafell@emax.is

FSKj.m. 9

Frá: [redacted]@reykjavik.is <[redacted]@reykjavik.is>
Sent: þriðjudagur, 26. október 2021 11:01
Til: Þröstur Sívertsen <[redacted]@istak.is>; Ásta Ósk Stefánsdóttir <[redacted]@istak.is>
Afrit: [redacted]@gmail.com; [redacted]@emax.is; USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>;
vegagerdin@vegagerdin.is; [redacted]@reykjavik.is
Efni: Fw: FS: SKILABOD - umhverfiseftirlit - vegna malartaka hjá Morastaðir - áriðandi

Tilvísun í mál: 2021100295

Til þeirra er málið varðar,

Ég áframsendi hér póst frá Orra Snorrasyni bónda á Morastaðum, en hann er með athugasemdir við umferð í tengslum við rekstur á Ytri-Tindastaða malarnámunni.

Samkvæmt útgefnu framkvæmdaleyfi (sjá meðfylgjandi afrit) fyrir rekstri námunnar er eitt af skilyrðum þess að „Samráð skal haft við og framkvæmdina skal kynna ef íbúar eða nágrannar/hagsmunaaðilar eru nálægt efnistökusvæði.“

Í samtali við Orra benti hann á að bæði hann og Sigurbjörn, bóndi á Kiðafelli væru hagsmunaaðilar og mögulega einhverjir sumarbústaðir á svæðinu. Þar sem stór hluti umrædds vegar að Hvalfjarðarvegi liggur innan sveitarfélags Kjósar þarf mögulega að hafa samráð við það sveitarfélag.

Heilbrigðiseftirlitið leggur til að Ístak og Vegagerðin hafi samráði við ofangreinda aðila um framkvæmdina. Það væri æskilegt að niðurstaðan væri skrifleg, sem hagsmunaaðilar fá afrit af áður en framkvæmdir hefjast.

Ég áframsendi þennan póst einnig á Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, sem er útgefandi framkvæmdaleyfisins.

Með kveðju,
Ásgeir Björnsson, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík
Sími: 411 1111, netfang: [redacted]@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Yfirvofandi efnisflutningar á malarefni úr heimilisnámu við Ytri Tindstaði í Reykjavík um Eyrarfjallsveg í Kjós.

Fjarfundur oddvita Kjósarhrepps, Karls Magnúasar Kristjánssonar, með Birni Axelssyni, skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, Birni Inga Edvaldssyni og Ernu Hrönn Geirsdóttur, lögfræðingi hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Fundurinn var haldinn kl 15:30 fimmtudaginn 4.11.2021.

Fundurinn varðaði ákvörðun *umhverfis- og skipulagssviðs* (skipulagsfulltrúa) Reykjavíkurborgar, dags. 29. september 2021, um að veita Ístaki hf. framkvæmdaleyfi fyrir umfangsmikilli efnistöku í væntanlegri námu á Ytri-Tindstöðum á Kjalarnesi vegna uppbyggingar Vesturlandsvegar. Og ákvörðun *Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur* um veitingu starfsleyfis, dags. 12. október 2021.

Oddviti reifaði áhyggjur landeigenda við Eyrarfjallsveg sem flutningarnir þurfa að fara um, ef leyft verður, og sömuleiðis áhyggjur Kjósarhrepps vegna tíðra flutninga skólabarna um veginn sem hefur margoft verið kvartað yfir vegna slæms ástands. Áhyggjuanar lúta bæði að ástandi vegarins og áhyggjum að því að brúin um Kiðafellsá standist ekki umferðarþungann. Einnig nefndi hann áhyggjur af mengum í Kiðafellsá sem er laxveiðiá.

Björn benti á að við leyfisveitinguna væri einungis litið til efnistökkunnar en ekki tekin afstaða til flutningsleiðarinnar og ástands hennar. Þar væri við Vegagerðina að fást og landeigendur.


Oddviti nefndi að næðist ekki ásættanleg niðurstaða væri líklegt að lögð verði fram stjórnarsýslukæra.

Björn sagði að hann muni fljótlega, sennilega strax á morgun hvetja Vegagerðina og Ístak hf. til að hafa samband við hagsmunaaðila varðandi flutningsleiðina. Hvatti hann mótaðila til að sjá hvað kæmi út úr væntanlegu samráði.


Fundi slitið um 16:00

Karl Magnúr Kristjánsson
oddviti Kjósarhrepps.

No. 11




№. 12




Nr. 13





No. 14




No. 15



LANDBÚNAÐSTEFNA FYRIR KJALARNES STARFSHÓPUR

DRÖG AÐ NIÐURSTÖÐU - SAMANTEKT



Dags. 16. október 2017



INNGANGUR

Þann 10.febrúar 2016 þá skipaði umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur í starfshópinn, en hann skipa fulltrúar allra flokka í borgarstjórn og með hópnum starfa fulltrúa frá Skipulagsfulltrúa, Heilbrigðiseftirlitinu og frá skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Eftirfarandi fulltrúar eru í hópnum; Þorkell Heiðarsson, S. Björn Blöndal, Sigríður Pétursdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Sigurður Ingi Jónsson og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir. Eftirfarandi starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs eru í hópnum, Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt hjá skipulagsfulltrúa, Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi á Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur og deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags

MARKMIÐ OG TILGANGUR STARFSHÓPSINS

Markmið og tilgangur starfshópsins hefur verið að móta frekari stefnu um landbúnað og landnýtingu á Kjalarnesi á grundvelli stefnu gildandi aðalskipulags um landbúnaðarsvæði og almennrar stefnu um þróun Kjalarnes. Einnig að höfð verði til hliðsjónar fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga um Landsskipulagsstefna um Skipulag í dreifbýli. Einnig að sérstaklega verði horft til eftirfarandi markmiða í AR2010-2030 um að 1., „Efla ræktun og matvælaframleiðslu og skapa fjölbreytta búsetukosti á landbúnaðarsvæðum, sbr. markmið jarðalaga, og stuðla að sjálfbærri landnýtingu í dreifbýli Reykjavíkur. 2., „Stuðla að verndun verðmæts landbúnaðarlands og efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum í anda sjálfbærrar þróunar.“ Í greinargerð um stefnuna segir: “Hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi á Kjalarnesi á undanförunum árum.

Matvælaframleiðsla á svæðinu er í auknum mæli bundin við þau leidi, þar sem gæði viðkomandi landbúnaðarlands nýtast takmarkað. Starfsleyfis skyld svína- og kjúklingabú eru á Móum, Vallá, Melavöllum, Brautarholti, Saltvík og Sætúni, og sláturhús í Saltvík. Breyttar áherslur í landbúnaði, með auknu vægi lífrænnar ræktunar og beinni tengslum framleiðenda og neytenda, getur skapað ný tækifæri í matvælaframleiðslu á Kjalarnesi. Þar nýtur Kjalarnesið nálægðar við stærsta þéttbýlissvæði landsins, þar sem eftirspurn eftir lífrænt vottuðum afurðum beint frá býli eykst sífellt.“ Markmiðið er að setja skýrari ákvæði um ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum og ákveðnari reglur um þá matvælaframleiðslu sem er starfsleyfis skyld. Leiðarljósið er að efla landbúnað sem nýtir gæði landsins til ræktunar og matvælaframleiðslu.

VIÐFANGSEFNI OG VERKEFNI

Viðfangsefni starfshópsins og verkefnið hefur falist í því að rýna og eftir atvikum endurmeta stefnu aðalskipulagsins um landbúnað og landnýtingu á Kjalarnesi. Einnig hefur þurft að rýna núverandi laga- og reglugerðarumhverfi um landbúnað, m.a. um starfsleyfis skyldan landbúnað og þau leidi. Hópurinn kallar til sín sérfræðinga eftir því sem þörf er á. Tillögur hópsins geta falið í sér tillögur að breytingum á AR2010-2030, verklagsreglur við útgáfu starfsleyfa, ákveðnari kröfur um mat á umhverfisáhrifum þau leidis og tillögur um breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi. Hópurinn skal hafa samráð við íbúa, landeigendur og aðra hagsmunaaðila við mótun stefnunnar. Stefnu verði að því að kynna drög að stefnunni á opnum fundi.



Staðsetning og fjöldi alifugla- og svinabúa á Kjalarnesinu.
/eftir að uppfæra kortið.

UM KJALARNESIÐ

Kjalarnes hefur sérstöðu innan Reykjavíkur sem eina landbúnaðar- og dreifbýlissvæðið innan sveitarfélagsins. Borgarhlutinn er um 161 ferkílómetri að stærð. Vegna sérstöðu Kjalarnessins er stefna um landnotkun í borgarhlutanum sett fram með öðrum hætti en fyrir hina borgarhlutana. Helstu markmið eru lögð til grundvallar í aðalskipulaginu og skal horfa til þeirra við gerð hverfis- og deiliskipulags, veitingu framkvæmdaleyfa og afgreiðslu einstakra mála. Ekki eru tilgreind hér að neðan öll markmið í aðalskipulagi fyrir borgarhlutann, en þau sem horfa skal á við mótun landbúnaðastefnunnar:

- Virða sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði og skapa þannig fjölbreyttari búsetukosti innan borgarinnar
- Styrkja Grundarhverfi og nágrenni sem þungamiðju borgarhlutans
 - Með fjölgun íbúa
 - Með fjölgun atvinnutækifæra
 - Með eflingu þjónustu og fjölbreyttari afþreyingarmöguleikum
 - Með skýrri framtíðarsýn sem sett er fram í hverfisskipulagi fyrir Grundarhverfi og næsta nágrenni
- Þróun og uppbygging á landbúnaðarsvæðum verði í samræmi við markmið jarðalaga og markmiða um sjálfbæra þróun. Stuðlað verði að aukinni fjölbreytni í ræktun, matvælaframleiðslu, atvinnustarfsemi, tómstundabúskap og búsetu.
- Svæði á Álfsnesi og Esjumelum verði þróuð sem sérhæfð atvinnusvæði og atvinnutækifærum þar með fjölgað innan borgarhlutans
- Fjölbreytni í útivistar- og afþreyingarmöguleikum verð aukin
- Tryggðar verði öruggari, greiðari og vistvænni samgöngur innan borgarhlutans með endurbótum á Vesturlandsvegi og síðar með gerð Sundabrautar
- Vernda ósnortna strandlengju og tryggja aðgengi að fjörunni
- Bæta útivistarsvæðin með markvissum áætlunum um skógrækt og stígagerð
- Byggja upp göngu-, hjóla- og reiðstígakerfi sem verði hluti af heildstæðum stígakerfum borgarinnar
- Stefnumörkun um landnotkun og uppbyggingu taki tillit til ofanflóðahættu samkvæmt mati Veðurstofu Íslands. Þétt byggð verði ekki heimiluð þar sem hætta stafar af ofanflóðum


Mikilvægt er að virða og vernda Kjalarnesið sem landbúnaðarsvæði og dreifbýli og stuðla að fjölbreyttari búsetukostum og öflugum atvinnulífi á svæðinu, en jafnframt tryggja aðgengi almennings að svæðum með útivistargildi og taka frá þau svæði sem hafa sérstakt verndargildi. Hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi á Kjalarnesi á undanförunum árum. Matvælaframleiðsla á svæðinu er í auknum mæli bundin við þauleldi, þar sem gæði viðkomandi landbúnaðarlands nýtast með takmörkuðum hætti. Starfsleyfisskyld svína- og kjúklingabú eru á eftirfarandi jörðum, Móum, Vallá, Melavöllum, Brautarholti og Sætúni, auk sláturhúss í Saltvík.

Breyttar áherslur í landbúnaði, með auknu vægi lífrænnar ræktunar og beinni tengsla framleiðenda og neytenda (sbr. Beint frá býli), geta skapað ný tækifæri í matvælaframleiðslu á Kjalarnes. Þar nýtur Kjalarnesið nálægðar við stærsta þéttbýlissvæði landsins, þar sem eftirspurn eftir lífrænt vottuðum afurðum beint frá býli eykst sífellt. Markmið aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum

Kjalarness, sbr. markmið jarðalaga og að landnýting verði í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun og markmið Landsskipulagstefnu (drög) um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Í aðalskipulaginu er allt láglandi Kjalarness í meginatriðum skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Með því er áhersla lögð á að jarðgæði landbúnaðarlands verði vernduð eftir fremsta megni, og að ræktun og búskapur verði höfuðatriði við nýtingu landsins. Vegna núverandi stöðu landnýtingar og uppskiptingar jarða (sjá mynd 1) með aukinni fjölbreytni í búskaparháttum til sveita og með uppbyggingu ferðaþjónustu og fjölbreyttrar atvinnustarfsemi á bújörðum (sbr. skilgreiningu lögbýla skv. jarðalögum) er hins vegar ljóst að við stýringu landnotkunar á bújörðum þarf einnig að tryggja ákveðinn sveigjanleika. Markmiðið er að tryggja fjölbreytta búsetu og ræktun í dreifbýli.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Í gildandi aðalskipulagi þá er eftirfarandi skilgreiningu á landnotkun landbúnaðarsvæða og ræktunar: „ Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. Ræktað og framræst land innan lögbýla er almennt skilgreint sem landbúnaðarsvæði, þótt landinu hafi verið skipt upp og ekki sé lengur stundaður þar hefðbundinn landbúnaður. Markmið aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum, sbr. markmið jarðalaga og að landnýting verði í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun í skipulagslögum. Jafnframt er það markmið aðalskipulagsins að skapa fjölbreytta búsetukosti á landbúnaðarsvæðunum án þess þó að það leiði til þéttbýlispróunar. Önnur atvinnustarfsemi sem tengist búskap og hefð er fyrir að stunda á lögbýlum til sveita er einnig möguleg, s.s. hefðbundin ferðaþjónusta bænda. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarbyggingum sem tengjast búrekstri á viðkomandi landi en einnig má gera ráð fyrir smábýlum og stökum íbúðarhúsum í tengslum við tómstundabúskap.



FUNDARSTÖRF HÓPSINS

Starfshópurinn hefur fundað reglulega á vinnutímabilinu frá því vinnan hófst í lok febrúar 2016. Meðal annars var farin hópferð upp á Kjalarnes 12. apríl 2016 þar sem farin var vettvangsferð á nokkra helstu staði þar sem er þaueldi (Melavellir, Brautarholt, Saltvík) og skoðaðar aðstæður á svæðinu í leiðinni. Jafnframt hefur verið haldinn íbúafundur, 7. nóvember 2016, þar sem tilgangur fundarins var að fá fram skoðanir íbúa vegna vinnu við stefnumörkunina. Niðurstöður munu nýtast vel sem innlegg í vinnu starfshópsins.

OPINN VINNUFUNDUR

Á opna fundinum með íbúum 7. nóvember 2016 var dregin saman staðan í landbúnaðarmálum á Kjalarnesi og þar kom fram m.a. að hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi vegna veikrar stöðu, en þó er stundaður fjölbreyttur landbúnaður; þó sérstök áhersla sé á alifugla og svínarækt. Óvissa er um framtíð hefðbundins landbúnaðar vegna uppskiptingar jarða og lítillar fjölbreytni á svæðinu. Aðeins er einn dæmigerður sveitabær á svæðinu með kúabú og mættu vera fleiri minni bú með hefðbundin búskap þar sem land væri vel nýtt. Varðandi þaueldið þá er jörðin á þeim lítið nýtt til matvælaframleiðslu að undanskildum þeim byggingum sem innihalda „þaueldið“. Þaueldið hefur farið vaxandi og er líklega stærst

Á Kjalarnesi á öllu landinu. Að sumra mati þá á slíkur „landbúnaður“ meira skylt við iðnað/fjöldaframleiðslu heldur en landbúnað og hefur hinn hefðbundni landbúnaður vikið fyrir iðnaðarbúum í matvælaframleiðslu. Varðandi landkosti þá er Kjalarnesið landfræðilega hentugt til matvælaframleiðslu vegna nándar við markað og neytendur. Landbúnaðarsvæði er til staðar og nóg af því, og inni á skipulagi, fyrir landbúnaðarframleiðslu. Um er að ræða gott land til margvíslegrar rætkunar og mikið af landsins gæðum sem hægt væri að nýta betur. Mikil tækifæri í landbúnaði tengt ferðamönnum og stórefla mætti einnig skógrækt til að auka skjól og kom fram á fundinum mikill vilji til skógræktar á svæðinu og þá þannig að það myndi falla að landi og auka skjól til rætkunar og fyrir vegfarendur. Í stuttum máli var niðurstaðan sú að á Kjalarnesi séu landbúnaðarmálin öflug, krafmikil, en óstýrð og að einhverju leyti einhæf.



Skoðaðir voru mikilvægir áherslupættir sem þyrftu að koma fram í landbúnaðarstefnu. Talað var um leigukerfi, beint frá býli, fjölbreyttari landnotkun (td. hestamennska, skógrækt, útivist, landbúnaður o.fl.), græna trefilinn, og ferðamennsku, skilgreina og afmarka þauledi í skipulagi og takamarka frekari útbreiðslu þess innan svæðisins. Skapa sátt milli byggðar og landbúnaðar.

Varðandi æskilegar aðgerðir til að hrinda í framkvæmd þá var m.a. nefnt að borgin þyrfti að vera í góðu samráði og samtali við landeigendur til að hvetja til skógræktar og þá þyrfti að koma aðstoð og fjárstyrkur þess efnis frá borginni, auk samstarf skógræktarfélaganna. Um beint frá býli hugmyndafræðina, þá ætti að reyna skapa umhverfi fyrir slíkt á svæðinu og samstarfsvettvang framleiðanda af öllum stærðum og tengja það við markað og sölu tengt öðru á svæðinu. Skapa þyrfti sátt milli byggðar og búskapar og gera langtíma áætlanir í skipulagi og einnig að framkvæmda þær áætlanir sem eru fyrirhugaðar í aðalskipulagi (til að mynda, göngu- og reiðleiðir) og skapa fjölbreytni í búskap. Koma þyrfti upp leigukerfi á landbúnaðarlandi og t.d. þá byrja á landi í eigu borgarinnar sem íbúar gætu leigt undir m.a. beit. Mögulega þyrfti að byrja á tilraunaverkefni og auka þannig samvinnu við landeigen dur á Kjalarnesi. Slíkt gæti mögulega opnað tækifæri og möguleika á fjölbreyttari landbúnaði, t.d. var nefnt kornrækt (fyrir bjór), grænmeti, þangrækt

TILLÖGUR STARFSHÓPS

Eins og kemur fram í landsskipulagsstefnu 2015-2026 þá getur skipulag í dreifbýli gefið kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Kafli 2.3 fjallar um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands, þar sem kemur fram að skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Jafnframt kemur fram í þeim kafla að vinna skuli hafin í samráði margra aðila um að standa fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til að nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu. Slíkar leiðbeiningar frá stofnunum Ríkisins hafa þó ekki enn litið dagsins ljós.

Hefðbundinn landbúnaður og búskapur

Efla þarf tækifæri og möguleika landeigenda á að stunda landbúnað á sínum jörðum eða stofna til smábýla. Aðalskipulag Reykjavíkur setur stefnuna í þeim efnun en efla þarf vitund landeigenda varðandi þau tækifæri sem þar gætu legið. Fjölbreytnin er of lítil en svæðið hefur mörg spennandi tækifæri sem þarf að virkja enda nálægðin við þéttbýlið mikil. Eins og kemur fram í áfangaskýrslu starfshóps Umhverfis- og auðlindaráðherra frá 2014, og kemur fram í landsskipulagstefnunni – bendir margt til til að landbúnaðarframleiðsla muni aukast í framtíðinni, m.a. í ljósi aukins ferðamannafjölda til landsins, og brýnt sé að landbúnaðarlandi sem hentar vel til ræktunar verði ekki ráðstafað með óafturkræfum hætti og mörkuð stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands. Þessi stefna stjórnvalda lá ekki fyrir við gerð gildandi aðalskipulags Reykjavíkur. Vegna þessa er lagt til eftirfarandi:

Aðgerðir:

- Skoða framangreint í tengslum við vinnu við hverfisskipulag fyrir Kjalarnes sem er hafin

- Sett verði af stað vinna við að flokka landbúnaðarland á Kjalarnesi eftir gæðum þess og höfð verði hliðsjón af vinnu viðkomandi ríkisstofnana og greiningu landbúnaðarlands sem þegar hefur farið fram.¹ Þessa greiningu mætti mögulega vinna samhliða eða í tengslum við hverfisskipulagsvinnu á Kjalarnesi.
- Á grundvelli greiningar á verðmæti landbúnaðarlands verði metið hvort ástæða sé til að endurskoða einstök stefnuákvæði í gildandi aðalskipulagi:
 - Í því samhengi gæti komið til greina að setja ákveðnari markmið um að ekki verði gengið á verðmætt landbúnaðarland, t.d. þegar land á bújörðum eru tekin annarra nota.²
- Markmið um verndun landbúnaðarlands mætti tengja við heimildir um stofnun smábýla, t.d. að forðast að skipta út úr jörð góðu ræktarlandi. Einnig mætti huga að því að setja fram auknar kröfur við mat á umsóknum um smábýli, að gerð verði nánari grein fyrir ráðstöfun lands, ræktun og almennt um hvernig staðbundin gæði verða nýtt og landgæði bætt.³
- Forðast að skógrækt eigi sér stað á svæðum sem talin eru góð ræktarlönd.⁴
- Þauleldi gangi ekki á verðmætt ræktarland.

Þauleldi

Skilgreining á þauleldi: Framleiðslukerfi þar sem dýr eru ræktuð innandyra og fóðruð á tilbúnu fóðri og þar sem þörf er á tíðri lyfjagjöf til að hafa stjórn á sjúkdómum sem eru stöðug ógn við þessar aðstæður. Eftirfarandi reglugerðir gilda um þauleldi: Nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum. Nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, með síðari breytingum. Nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína

Setja þarf ákveðnar takmarkanir á þauleldi og skilgreina mætti nánar landbúnaðarsvæði eftir því hvernig gæði landsins eru nýtt til búrekstrar. Setja þarf skorður við því mikla landi sem fer undir þauleldi enda hefur það að einhverju leyti óbein áhrif á nærliggjandi svæði. Þauleldi er skilgreint í skipulagsreglugerð sem framleiðslukerfi þar sem dýr eru ræktuð innandyra og fóðruð á tilbúnu fóðri og þar sem þörf er á tíðri lyfjagjöf til að hafa stjórn á sjúkdómum sem eru stöðug ógn við þessar aðstæður. Reglugerðir sem gilda um þessa starfsemi: Nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum. Nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, með síðari breytingum. Nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína

¹Umræddar leiðbeiningar liggja ekki enn fyrir, en einstök sveitarfélög hafa ráðist í þessa vinnu í tengslum við gerð aðalskipulags, sjá til dæmis *Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032* (tillaga), bls. 13-14.

² Hér þarf að horfa til 2 og 3. mgr. jarðalaga nr. 81/2004 m.s.br. um umleitun sveitarstjórnar til landbúnaðarráðherra vegna breytinga á landbúnaðarlandi stærra en 5 ha og einnig minna en 5 ha ef um gott ræktarland er að ræða. Landbúnaðarland hefur verið flokkað eftir gæðum þess til akuryrkju/ræktunar. Það land sem telst hæft til akuryrkju er talið verðmætast.

³ Sbr. markmið um jarðabætur í Búnaðarlögum nr. 70/1998 m.s.br., grein 6.

⁴ Í AR2010-2030 eru reyndar mjög þröngur heimildir um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og hún aðeins heimil ef hún tekur til minna landsvæðis en 10 ha, að öðrum kosti þarf að breyta aðalskipulagi. Með þessu ákvæði er landbúnaðarlandið varið fyrir skógrækt og með þessu undirstrikað að skógræktin verði einkum í hinu skilgreinda Græna trefli. Þetta þarf að skoða í samhengi við kaflann hér að neðan um skógrækt, hvort ástæða sé til að víkka út möguleika skógræktar á landbúnaðarsvæðum.

Aðgerðir:

- Ekki verði heimilt að stofna til þauleldisbúskapar á öðrum jörðum eða lögbýlum en þeim sem þegar hafa útgefið starfsleyfi í dag.
- Skilgreina slík svæði (mögulega) sem iðnaðarsvæði ef umfang framleiðslu eru komin yfir ákveðin mörk.

Til að takmarka umfang þauleldis á Kjalarnesi og skapa ákveðnari stýringu á þróun þess, er lagt til að eftirfarandi breyting verði gerð á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030:⁵

- Gerður verði greinarmunur á landbúnaðarsvæðum eftir eðli búrekstrar og hvernig staðbundin gæði lands eru nýtt. Landbúnaðarsvæðum verði skipt í tvo meginflokka:⁶ L1. Hefðbundinn landbúnaður.⁷ Þar sem ábúandi heldur búfé og ræktar land og matvæla- eða fódurframleiðsla byggir á staðbundnum landgæðum, með sjálfbæra landnýtingu að leiðarljósi. Almennar heimildir um mannvirkjagerð og uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum gilda á þessu svæði; L2. Þauleldi. Svæði innan bújarða sem nýtt er til umfangsmikils búfjárhalds og matvælaframleiðslu sem ekki byggir á staðbundinni ræktun lands og öðrum landgæðum. Búskapur sem fellur undir skilgreiningu þauleldis⁸ er einvörðungu heimill á landbúnaðarsvæðum

Við afmörkun L2 verði miðað við núverandi umfang þauleldis, samþykktu stækkun í deiliskipulagi og eðlilegt svigrúm til þróunar. Almennt verði þó miðað við að afmarka L2 þröngt og tryggja að þauleldisbúum fjölgi ekki og/eða verði eingöngu bundin við núverandi svæði.

Ferðaþjónusta

Tækifæri liggja á svæðinu tengt vaxandi ferðamennsku, svæði er í nálægð við stórt markaðssvæði höfuðborgarinnar. Á Kjalarnesi eru góð landgæði þó vanti töluvert upp á nýtinguna í dag og draga þarf úr einhæfni og gæti ferðamennska komið þar sterk inn. Eins og fram kemur í landsskipulagsstefnu að skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Við skipulagsgerð sé leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis m.t.t. tækifæra í ferðaþjónustu. Ákvarðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og uppbygging nýtist jafnt íbúum og ferðamönnum. Ákvarðanir í þessum málum verða að grundvallast á greiningu, flokkun og kortlagningu svæðis. A.k.a. vandaður og faglegur undirbúningur. Eins og kemur fram í aðalskipulagi Reykjavíkur þá er þó mikilvægt er að virða og vernda Kjalarnesið sem landbúnaðarsvæði og dreifbýli, en hins vegar þarf enn frekar að stuðla að fjölbreyttari búsetukostum og öflugum atvinnulífi á svæðinu

Aðgerðir:

⁵ Þó ekki fyrr en vinna við greiningu landbúnaðarlands er lokið.

⁶ Núverandi sérskilgreining fyrir svæði í Nesvík (L1), varðandi ferðaþjónustu og þyrpingu íbúðarhúsa, héldi sér (fenga þó aðra tilvísun), en hún verður væntanlega til skoðunar við gerð hverfisSKIPULAGS fyrir Grundarhverfi og nágrenni.

⁷ Þ.m.t. lífrænn eða vistvænn landbúnaður.

⁸ Lagaleg skilgreining á þauleldi er ekki skýr nema þau viðmið sem koma fram í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Starfsleyfisskyldur landbúnaður sem hefur mengunarhættu í för með sér, er annað viðmið, og slíkur landbúnaður yrði ávallt á svæði L2.

- Efling á hugtakinu ferðaþjónustu bænda á svæðinu sem er víða á landsbyggðinni og gegnir mikilvægu hlutverki sem auka búgrein á mörgum landbúnaðarsvæðum
- Tryggja þarf aðgengi almennings að svæðum með útivistargildi og taka frá þau svæði sem hafa sérstakt verndargildi, td. strandlengjunni.
- Skoða möguleika á eflingu ferðamennsku á svæðinu í tengslum við vinnu við hverfisskipulag.
- Kjalarnesið verði tengt inn í þá vinnu sem fer af stað bráðum í tengslum við endurskoðun á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2030.

Loðdýrarækt

Erindi hafa borist til skipulagsyfirvalda í gegnum árin um loðdýrarækt á svæðum á Kjalarnesinu. Loðdýrarækt nýtir ekki hefðbundið landbúnaðarland auk þess sem sú framleiðsla er ekki ætluð til manneldis. Loðdýrarækt hefur sætt vaxandi gagnrýni á undanförunum árum vegna dýraverndunarsjónarmiða. Mikilvægt er að dýrin fái uppfylltar sínar eðlislegu þarfir í öllu búafjrhaldi. Slík framleiðsla fellur illa að markmiðum aðalskipulags um sjálfbæra þróun. Jafnframt í leiðinni þarf að skoða frekar umhverfisáhrif, dýraverndunarsjónarmið og hvað önnur lönd hafa verið að gera í þessu samhengi.

Aðgerðir:

- Lagt er til að loðdýrarækt verði gerð óheimil innan sveitarfélagamarka Reykjavíkur.

Skógrækt

Efla þarf uppbyggingu á skógrækt. Það gæti aukið landgæði til ræktunar og aukið tækifæri í þeim efnum vegna nálægðar við markað og neytendur. Gífurlega stór landsvæði eru á Kjalarnesinu sem hægt væri að nýta undir skógrækt og tækifæri þar til að skipuleggja það heildstætt. Skjólmyndun vegna skógræktar getur einnig haft áhrif á veðurfar á íbúðarsvæðum á Kjalarnesi og í þéttbýlinu.

Aðgerðir:

- Efling á samstarfi við skógræktarfélag og landeigendur.
- Setja af stað lagntímaverkefni með framkvæmdaáætlun til 2030.
- Aukið fjármagn með aðkomu ýmissa hagsmunaaðila.

Útivist

Esjan og önnur mikilvæg útivistarsvæði eru á Kjalarnesinu og miklir möguleikar á svæðinu til framtíðar til útivistar og afþreyingarmöguleika. Auka þarf fjölbreytnina í þeim efnum.

Aðgerðir:

- Markviss áætlanagerð um uppbyggingu stígakerfis á Kjalarnesi.
- Betra aðgengi að opnum svæðum og sjónum.
- Bætt stígakerfi meðfram sjónum.
- Opna gömlu póstleiðina í Esjuhlíðum fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi umferð.

DEILISKIPULAG MELAVELLIR

Greinargerð, núverandi skilmálar:

Almennt:
Skipulagssvæðið, þ.e. jörðin Melavellir, afmarkast af umliggjandi jörðum þ.e. Dalsmynni til norðurs, Melagerði til austurs og eyðijörðinni Ártúni til suðurs.

Í aðalskipulagi er svæði þetta skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Innan skipulagssvæðisins er í dag íbúðarhús, þrjú sambyggð alifuglahús auk þriggja stakra alifuglahúsa. Íbúðarhúsið er frá árinu 1978 og er um 217 m².

Elstu alifuglahúsin eru frá 1976, eitt frá 1997, tvö hús eru frá árinu 2007 og eitt frá 2014. Samanlögð stærð alifuglahúsanna er tæplega 7000 m². Frá árinu 1995 hefur verið stunduð alifuglarækt í húsunum á jörðinni Melavellir. Jörðin Ártún er óbyggð eyðijörð. Núverandi deiliskipulag heimilar byggingu tveggja alifuglahúsa á lóðinni.

Jörðin:

Jörðin Melavellir er skv. samþykktu deiliskipulagi 16,33 ha. Á jörðinni eru afmörkuð svæði til byggingar alifuglahúsa.

Byggingarreitir:

Á samþykktu deiliskipulagi eru sýndir þrjár byggingarreitir og verða byggingar að vera innan byggingarreita. Hver byggingarreitur er ca. 2150 m².

Hámarksstærð hverrar byggingar innan byggingarreits er 33 m x 65 m.

Húsgerðir:

Hús skulu vera með mæni í stefnu vestur-austur, mesta hæð húss í mæni má vera 6500 mm, mesta hæð húss á langhlíð má vera 3000 mm.

Hús skulu klædd báruðum málmplötum, litur ljós. Frá húsunum skal vera frárennisskerfi með amk. 15 þús. lítra settanki.

Greinargerð, skilmálar eftir breytingar:

Heimilt verði að byggja eitt alifuglahús sunnan við þegar samþykkt alifuglahús á lóðinni þannig að í heildina verði 7 alifuglahús á lóðinni. Sömu reglur gilda um þessi hús hvað varðar byggingarreiti og húsgerðir og áður samþykktu deiliskipulagi.

Mön verði reist sunnan og austan við ný alifuglahús, hæð 3-4 metrar.

Kjúklingahús Matfugls á Melavöllum munu uppfylla allar helstu kröfur sem gerðar eru til nýrra kjúklingahúsa í Evrópu. Þessar kröfur eru m.a. þær að gólf húsa verða steipt og með innbyggðar hitalagnir, vélræn og tölvustýrð loftræsting er í húsunum og drykkjarstútar eru lokaðir til að lágmarka raka.

Eftir áformaða stækkun kjúklingabúsins verða 140.000 stæði fyrir kjúklinga á búinu og verður árlegt magn hæsnaskíts að meðaltali um 1.100 tonn. Matfugl gerir ráð fyrir því að flytja allan hæsnaskýt frá búinu þegar hann fellur til, en mokað er út úr hverju eldihólfi eftir hvern eldishóp, og verður undirburðurinn notaður til áburðargjafar á ræktað land sem fyrirtækið hefur til umráða, m.a. í Svínadal og í Ölfusi. Auk þess er Matfugl með leigusamning á 70 ha lands úr landi Dalsmynni

Öllu frárennsli frá húsinu verður veitt í tvö settank- og siturlagnakerfi. Frárennsli frá tveimur húsum verður í 15.000 lítra settank og þaðan í gegnum fimmskipta lögn í siturbeði. Umhverfis siturlagnirnar verður drensmóti.

Til að draga úr hættu á foki á hæsnaskít við dreifingu og lámarka hugsanlega lyktarmengun hans verður tekið tillit til veduraðstaðna þegar skitnum er dreift á nærliggjandi gróð land, en þó er horft til þess að megníð af öllum hæsnaskít sem til fellur verður fluttur til notkunar annarsstaðar. Dreifing skítsins verður í samræmi við þær kröfur sem settar verða fram í starfsleyfi búsins.

Umhverfismat áætlana:

Breyting á deiliskipulagi Melavalla fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum tillögunnar í meðfylgjandi umhverfisskýrslu: Umhverfisskýrsla - fylgiskjal með tillögu að breytingu á deiliskipulagi, dagsett 15. apríl 2015.




FJARLÆGÐIR Á MILLI BYGGINGA M 1 : 500



GILDANDI DEILISKIPULAG M 1 : 2000



DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR SÝNIR STAÐSETNINGU NÝRRRA ALIFUGLAHÚSA M 1 : 2000



AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030
Sveitarfélagsuppdráttur

- Mörk deiliskipulags
- Núverandi eldri byggingar
- Núverandi bygging, byggingarreitur
- Nýbygging, byggingarreitur
- Lóðarmörk
- Jarðvegamið
- Gólfkoti bygginga

gk:29,75

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhverfis- og skipulagsnáði þann 30. sep. 2015 og í Borgarráði þann 8. okt. 2015. Tillagan var auglýst frá 30. júní 2015 með athugasemdafresti til 12. nóv. 2015. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 6. nóv. 2015.

Björn Axelsson

Verkhelti: **Deiliskipulagsuppdráttur**
Melavellir - Kjalarnesi, Reykjavík

Verkhelti: deiliskipulag

Telkinúmer: 1.00

Mælikvæði: 1:500, 1:2000

Telknað: RA

Yfirfarð:

Samþykkt:

Verknúmer: 0591

Útgáfudagur: 4.3.2015

Telknisíð:

Útprintað: May 28, 2015 - 14:44

ARKHÓL BOLHOLT 8 - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 551 0870 - FAX: 551 0875
arkh@arkhthing.is - www.arkhthing.is

SIÐURDUR HALLGRÍMSSON, HJÓRTUR PÁLSSON, ARKITEKT BYGG.FR.

Árið 2019 miðvikudaginn 23. janúar kl. 14:15 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar "Tindstaðir - Landspilda til sölu". Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.

1

Fundi stjórnaði Unnur Óskarsdóttir. Fundargerð ritaði Guðbjörg Eggertsdóttir.

Haukur Óskarsson óskar bókað: Ekki möguleiki að fá neina tengingu frá Reykjavíkurborg í tengingu við veitnakerfi Reykjavíkurborgar skv. upplýsingum frá Reykjavíkurborg og Orkuveitunni, engin þjónusta er veitt frá Reykjavíkurborg varðandi sorp og snjómokstur o.fl., og verða því tilvonandi landeigendur að sækja þjónustuna til Kjósahrepps.

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn tilboði:

1	Royce ehf	kr.	
	Olöf Ósk Guðmundsdóttir og Hafþór		
2	Finnbogason	kr.	
	Með fyrirvara um fjármögnun frá banka		
3	Frímánn Ólafsson	kr.	
4	Brimgarðar ehf	kr.	
5	LM Pípulagnir ehf	kr.	
6	Birgir Eiríksson	kr.	
7	Sápusmiðjan ehf	kr.	
8	Orri Snorrason og María Dóra Þórarinsdóttir	kr.	
	Með fyrirvara um fjármögnun		
9	Orri Snorrason og María Dóra Þórarinsdóttir	kr.	
	Með fyrirvara um fjármögnun		
10	Kraftvellir ehf	kr.	
11	Haukur Óskarsson	kr.	
12	Þorgeir Þorgeirsson	kr.	
13	Kristmundur A. Jónasson	kr.	
14	Ljósfari ehf	kr.	
15	Hvolshestar	kr.	
16	Smiðjan kt. 620992-2329	kr.	
17	Heiða Björk Jósefsdóttir	kr.	
18	Svanþór Gunnarsson	kr.	
19	Guðni Rafn Gunnarsson	kr.	
20	Andrea Guðmundsdóttir	kr.	
	Með fyrirvara um lánsfjármögnun frá Arion banka		
21	LVT ehf	kr.	
	Guðmundur H. Davíðsson og Svanborg A.		
22	Magnúsdóttir	kr.	
	Með fyrirvara um lánsfjármögnun frá Arion banka		

Fleiri tilboð bárust ekki.

Fundi slitið kl. 14:32

Reykjavíkurborg
vt. umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsókn þessi sendist rafrænt

Reykjavík, 30. nóvember 2023.

Umsögn Íbúasamtaka Kjalarness, kt. 620202-5330.

ik@kjalarnes.is

Vísað er til fundar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. október 2023, þar sem lögð var fram skipulagslýsing vegna gerðar nýs deiliskipulags í landi Tindstaða í Miðdal. Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir nýtt hænsnabú á landspildunni milli Eyrarfjallsvegur nr. 460 og Miðdalsár í Miðdal í landi Tindstaða.

Íbúasamtök Kjalarness lýsa yfir miklum vonbrigðum með að umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur skuli taka í mál að hefja þetta ferli. Í fyrsta lagi þá eru þessar fyrirhuguðu framkvæmdir í mikilli mótsögn við þá stefnu sem hefur verið mótuð í aðalskipulagi Reykjavíkur. Einnig má telja til vinnuskjal sem heitir Landbúnaðarstefna fyrir Kjalarnes, dags 16. okt 2017. Þar er lagt til:

„Ekki verði heimilt að stofna til þauleldisbúskapar á öðrum jörðum eða lögbýlum en þeim sem þegar hafa útgefið starfsleyfi í dag.“

Það er eins og nálaraugað sé brotið hjá Reykjavíkurborg þegar kemur að hænsnabúum á Kjalarnesi þegar veitt eru leyfi fyrir auknu byggingarmagni eða fjölgun fugla. Sama hvað er lagt fram þá virðist það fara hindrunarlaust áfram.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að byggja eigi 9.000 fermetra hæsnahús. Ekki er tekið fram hverslags hæsnabú sé um að ræða. Því geti fuglafjöldinn verið samkvæmt lögum og reglugerðum verið í anda þauleldis, eða frá 70.000 fuglum að lágmarki í allt að 150.000 fuglum. Þetta byggingarmagn skapar þvílíka stærð að **því ber að fara í umhverfismat.**

Byggja á í fyrsta áfanga 6.000 fermetra hús (3 eða 4) fyrir hæsnfugla og fjöldinn verði 28.000 hænsni. Þ.e.a.s. einungis 4,6 hænur á fermetra. Þetta verða aldeilis dekurpúddur. Í öðrum áfanga á að stækka húsin um 3.000 fermetra fyrir 11.900 fugla, þar verða greinilega prinsessurnar geymdar, 4 hænur á fermetra.

Það er alveg ljóst að þessi áform eiga sér enga stoð í raunveruleikanum, hér er verið að spila með fólk. Fyrst eru öll húsin byggð, svo fengið starfsleyfi fyrir 39.900 fugla, svo óskað eftir smá viðbót við leyfið, og svo aftur, og aftur og aftur og svo er allt í einu komið leyfi fyrir ? 150.000?

Gildir hér einu hvort það verði 39.900 fuglar í húsunum eða 150.000 þá ber þessi dalur (Miðdalur) enganvegin þessi áform. Lyktarmengun og ryk sem leggst yfir dalinn í góðviðri, þá

verður ólíft þar, auk þess heilsuspillandi. Þekkt er að í ryki frá hæsnabúum eru t.d. bakteríur og ammoníak í loftinu sem veldur verulegri aukningu á alvarlegum öndunarfærasjúkdómum. Þessi mengun getur auðveldlega borist inn í Eilífsdal og að Melalfellsvatni, þar er eitt stærsta sumarhúsaðverfi á suðvesturlandi. Framkvæmdin mun rýra verulega verðgildi allra eigna á þessu svæði.

Vegurin um dalinn nr. 460 ber ekki þá þungaflutninga sem munu verða vegna uppbyggingarinnar eða búrekstursins. Vegurinn er mjór og kantar víða háir og vegaxlir bera ekki þunga bíla. Fóður- fugla- og hæsnaskítsfluttningar gætu talist í hundruðum þúsunda tonna yfir árið, áhrifin á líf fólks og umhverfi verða verulega neikvæð.

Í gögnum frá ráðuneytinu og fleiri opinberum aðilum kemur fram að mengun frá verksmiðjubúum í þaueldi er hættuleg heilsu fólks ef hún er langvarandi. Þetta kemur skýrt fram í nýjustu gögnum varðandi stækkun hæsnabúsins á Vallá og gögnum frá Skipulagsstofnun. Það liggja fyrir erlendar háskólarannsóknir um þessa heilsufarsáhættu. Íbúasamtökin benda á að ráðuneytið hafnaði 9.000 fugla hæsnabúi að Hamri í Úlfarsárdal ljósi þess að mengun er hættuleg heilsu nágretta. Íbúasamtökin hafna því að minni kröfur séu gerðar á Kjalarnesi en annars staðar í Reykjavík. Tryggja þarf heilsusamlegt umhverfi á Kjalarnesi og ef það er vafi þá eigi þessi verksmiðjubú að víkja. Íbúasamtökin hafna því að tekin sé áhætta eða gerðar tilraunir með heilsu fólks á Kjalarnesi.

Á Kjalarnesi eru nú þegar mjög mörg verksmiðjubú í fuglum og svínum og er þessi umsvifamikla starfssemi í engum takti við hefðbundin landbúnað. Þetta eru mjög stór verksmiðjubú um og yfir 10.000 fm að stærð hvert og eru þau margfalt stærri en meðalstærð verksmiðjubúa í Evrópu s.s. Hollandi eða Danmörku.

Íbúasamtökin telja rétt, í stað þess að fjölga eða stækka verksmiðjubú á Kjalarnesi, að setja fram þá kröfu á opinbera aðila að íbúum sé tryggt að ekki stafi heilsuáhætta af útblæstri/mengun og ónæði. Annað hvort að settur verði upp hreinsibúnaður á útblástur á öll núverandi verksmiðjubú en ef það er ekki hægt að unnið sé að fækkun/lokun þessara búna. Ef það er óvissa um áhrif á heilsu fólks þá eigi hagsmunir þessa fyrirtækja sem standa að þessum rekstri að víkja fyrir hagsmunum og heilsu íbúa.

Sveitarfélagið hefur ákveðnar skyldur í skipulagsmálum.

Í reglugerð 520/2015 s.s. í 2.gr. kemur fram að sveitarstjórn ber að setja fjarlægðir í skipulagsáætlanir og skipulagsreglugerð og skulu fjarlægðarmörk ákvörðuð að teknu tilliti til hugsanlegra umhverfisþátta.

Íbúasamtök Kjalarnes telja að nú sé mál að linni, hingað og ekki lengra. Á Kjalarnesi eru nú þegar 9 þaueldisbú með tilheyrandi mengun sem ógna heilsu fólks. Íbúasamtök Kjalarnes hafna alfarið þessum hugmyndum um byggingu hæsnabús í Miðdal á landi úr Tindstöðum á Kjalarnesi.

F.h. stjórnar Íbúasamtaka Kjalarness

Baldur Þórarinnsson

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Þuríður María Guðmundsdóttir
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 5 desember 2023
Tilvísun: 202311022 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi Kjalarness- Tindstaða, Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 9. nóvember 2023, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulagsráði 11. október 2023, og varðar tillögu að deiliskipulagi Kjalarness- Tindstaða.

Samkvæmt lýsingunni, dags. október 2023 er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir hæsnabú í landi Tindastaða með skipulagsáætlun í tveim áföngum fyrir allt að 39.900 hænsni. Gert er ráð fyrir 6 alifuglahúsum, 6.000 m² að stærð alls með 8 fóðursílóum allt að 10m háum, 700m² vinnsluhúsi og 300 m² íbúðarhúsi.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum. Ekki kemur þó skýrt fram hvert er fyrirhugað umfang starfseminnar og er því tilefni til að benda á eftirfarandi atriði sem skoða þarf við vinnslu tillögunnar:

- Í tillögunni þarf að gera skýra grein fyrir geymslu og frágangi haughúss ásamt áætlunum um frárennsli og hreinsivirki fyrir starfsemina.
- Skipulagsstofnun minnir á ákvæði um fjarlægðir, þar með talið 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar um fjarlægð frá vötnum og ám, fjarlægð frá vatnsbóli í reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015 og að tekið sé tillit til lyktarmengunar með tilliti til starfsleyfis skyldra framkvæmda í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Bent er á að auk þeirra umsagnaraðila sem nefndir eru í lýsingunni þarf að leita umsagnar Matvælastofnunar og hafa gott samráð við aðliggjandi landeigendur og aðra hagsmunaaðila.

Guðjón Erlendsson



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn íbúaráðs Kjalarness - Skipulagslýsing fyrir Tindstaði

Á fundi íbúaráðs Kjalarness 14. desember 2023, var lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 9. nóvember 2023, með umsagnarbeiðni vegna vegna skipulagslýsingar fyrir Tindstaði. Jafnframt voru lögð fram og samþykkt drög að umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 14. desember 2023, sbr. 3. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Í ljósi ofangreinds er hjálagðri umsögn íbúaráðs Kjalarness um skipulagslýsingu fyrir Tindstaði hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: umsögn íbúaráðs Kjalarness um skipulagslýsingu fyrir Tindstaði

Umsögn íbúaráðs Kjalarness, dags. 14. desember 2023, um skipulagslýsingu fyrir Tindstaði.

Í drögum starfshóps um landbúnaðarstefnu fyrir svæðið frá 16.10.2017 segir m.a. eftirfarandi um þauleldisbúskap:

- Ekki verði heimilt að stofna til þauleldisbúskapar á öðrum jörðum eða lögbýlum en þeim sem þegar hafa útgefið starfsleyfi í dag.
- Skilgreina slík svæði (mögulega) sem iðnaðarsvæði ef umfang framleiðslu eru komin yfir ákveðin mörk.

Tekið er undir þessi sjónarmið.

Íbúaráðið vill koma á framfæri áhyggjum íbúa af stærð og fjölda búa á svæðinu og vilja íbúa til þess að frekari þauleldisbúskapur nái ekki fram að ganga.